



Fyrsti stormur vetrar skall á í gær, með aftakaveðri um allt land. Allt millilanda- og innanlandsflug lá niðri á tímabili. Mikið álag var á björgunarsveitum landsins og sinntu þær um 300 útköllum. Á meðan björgunarsveitarfólk stóð í ströngu örkuðu ferðamenn um götur Reykjavíkurborgar. Við Hörpu mættu ferðamennirnir óhræddir veðri og vindum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Bónus mætir Costco með lækkunum

Verðkönnun Fréttablaðsins sýnir að Bónus hefur ýmist lækkað eða haldið óbreyttu verði á ellefu vörutegundum af þeim fimmtán sem skoðaðar voru. Costco hefur á sama tíma lækkað verð á níu þessara vara. Costco er oftast með lægra verð en lága verðið er mun lægra hjá Bónus.

**NEYTENDUR** Á meðan vöruhús Costco hefur verið að hækka matvöruverð sitt á undanföllum mánuðum hefur lágvöruverðsverslunin Bónus verið að lækka sín. Þetta sýnir verðkönnun og samanburður Fréttablaðsins. Matarkarfa blaðsins er samsett úr fimmtán völdum vörum úr verðathugunum Verðlagseftirlits ASÍ en af þessum fimmtán vörum er Costco með lægra verð í átta til-

vikum en Bónus sjö. Niðurstöðurnar sýna þó að í þeim tilfellum sem Bónus er lægra er meiri verðmunur á versluninum en þegar Costco á besta verðið.

Fimm vörur af fimmtán höfðu lækkað töluvert í verði hjá Bónus á tímabilinu frá júlí til dagsins í dag en aðeins tvær hjá Costco. Verð hefur auk þess haldist óbreytt á sex vörum hjá Bónus en fjórum hjá Costco. Á sama tíma og níu vörur

af fimmtán úr matarkörfu Fréttablaðsins hafa lækkað í Costco á tímabilinu hafa aðeins fjórar lækkað hjá Bónus. Mesta verðhækkunin hjá Bónus er á kílóverði eggaldina, 9,4 prósent en mesta lækkunin nemur 50 prósentum á 500 g dós af hreinu skyri.

Niðurstöður verðathugunar Fréttablaðsins sýna að Bónus virðist hafa brugðist við komu Costco með því að lækka vöruverð sín þar

### Svona hafa verðin breyst í Bónus:

| Mesta lækkun:      |      | Mesta hækkun:     |      |
|--------------------|------|-------------------|------|
| MS Skyr 500 g:     | 50%  | Eggaldin (kr/kg): | 9,4% |
| Rauð epli (kr/kg): | 36%  | Ólífuoía (kr/l):  | 6,5% |
| Nautahakk:         | 14%  | Sykur (kr/kg):    | 5,5% |
| Bananar (kr/kg):   | 9,6% | Smjörvi 400 g:    | 1,9% |

sem því hefur verið við komið og mæta þannig samkeppni bandarísku stórverslunarinnar, sem

verið hefur aðsópsmikil síðan hún opnaði í Kaupúni í maí síðastliðnum. – smj/sjá síðu 4

## Funduðu fram eftir kvöldi

**STJÓRN MÁL** Fulltrúar stjórn mála-flokkanna fjögurra sem nú eiga í stjórnarmyndunarviðræðum funduðu fram eftir kvöldi í þinghúsinu og lauk fundi þeirra um klukkan 22:00 í gærkvöldi. Fundarhöldum verður framhaldið í dag.

Ljóst er að vel miðar í viðræðum flokkanna en Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, fulltrúi Pírata, sagði fyrir fundinn í gær að hún væri bjartsýn á framhaldið.

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri-grænna sagði þetta mikilvægan fund og það myndi skýrast í dag hvort að forsendur séu til staðar til að ráðast í gerð stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar Vinstri-grænna, Samfylkingar, Pírata og Framsóknarflokksins. – khn

### Fréttablaðið í dag

**FRÉTTIR** Öryrki óttast að þurfa að búa í tjaldi í Laugardal vegna hundahalds í Hátúni. **2**

**SKOÐUN** Karl Andersen prófessor skrifar um hjarta- og æðasjúkdóma. **11**

**SPORT** Bárðdælingurinn Tryggvi Snær Hlinason spilar nú í Euroleague, Meistaradeild kórfulboltans. **12**

**LÍFID** Guðni Ágústsson er kominn í uppistandið. **22**

● PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● FASTEIGNIR

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

## Betolvex B-12



Fæst án lyfseðils  
Actavis

VAXTALAUS AFBORGUN V  
VAXTALAUS AFBORGUN V  
VAXTALAUS AFBORGUN V  
VAXTALAUS AFBORGUN

Vaxtalaus afborgun af  
**ÖLLUM ÚRUM  
OG SKARTGRIPUM**


M  
MICHELSEN  
ÚRSMIDIR

## VERTU LAUS VIÐ LÍÐVERKI



NUTRILENK™  
GOLD

## Veður



Suðaustan stormur norðaustantil á landinu fram að hádegis og slydda eða rigning, en annars suðlæg átt, 8-13 m/s og skúrir eða él. Líttir til fyrir norðan þegar líður á daginn.

**SJÁ SÍÐU 18**



Það var erfitt að standa í lappinnar við Hörpu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Hið versta gengið yfir

**VEÐUR** Á þriðja hundrað björgunar-sveitarmenn sinntu margvíslegum útköllum á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Suðurlandi, Vesturlandi og Vestfjörðum í stormviðrinu sem gekk yfir landið í gær. 150 útköll höfðu borist aðgerðarstjórn á höfuðborgarsvæðinu á níunda tímanum í gærkvöldi en björgunarsveitir á landsvísu höfðu á sama tíma sinnt rétt rúmlega þrjú hundrað verkefnum.

Björgunarsveitir höfðu í nógu að snúast við að sinna hefðbundnum stormverkefnum á borð við lausar þakplötur, hjólhýsi sem voru til vandræða, fljúgandi trampolín og skilti af ýmsum toga auk þess sem margvíslegir munir og byggingarefni af framkvæmdasvæðum fóru á ferð.

Vegunum undir Hafnarfjalli, Mosfellsheiði, Gjábakkavegi og Fróðarheiði var lokað og gerðu viðbragðsaætlanir ráð fyrir frekari lokunum eftir veðri.

En það var ekki aðeins á láði sem veðurofsinn kom niður á ferðatilhögunum fólks heldur einnig í lofti. Stormurinn raskaði áætlanaflogi flugfélaganna og minnst átta þúsund farþega á Íslandi, Evrópu og Bandaríkjunum.

Í dag gera spár þó ráð fyrir því að þessi fyrsti meiriháttar veðurhvellur vetrarins verði genginn yfir og gerir Veðurstofa Íslands ráð fyrir suðlægri átt, 8-13 m/s og skúrum eða éljum. Það líttir til fyrir norðan þegar líður á daginn. Á hádegis hlýnar í veðri, hiti verður á bilinu 0-5 gráður en það kólnar með kvöldinu. – smj

## Hitaði rækilega upp í Valshöllinni



Húsvíkingurinn knái, Axel Flóvent, hitaði upp fyrir bresku stórsveitina Mumford & Sons í Valshöllinni á Iceland Airwaves-tónlistarhátíðinni í gærkvöldi. Axel heillaði viðstadda með angurværum tónum sem aflað hafa honum nokkrum vinsældum undanfarin misseri. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Rafmagnsleysi í gerningaveðrinu

**VEÐUR** Rafmagn fór af á nokkrum svæðum á höfuðborgarsvæðinu í gærkvöldi eftir að eldingu laust niður. Við það sló út línu á Reykjanesi. Þrumur og eldingar eru fylgifyskur þegar skil lægðar eins og þeirrar sem olli usla í gær gengur yfir landið.

Það er búið að vera svolítið af eldingaveðri á Suðurnesjum líka og slá út einhverjum kerfum,“ segir Þorsteinn V. Jónsson veðurfræðingur. Hann reiknaði með að það ætti að draga úr gerningaveðrinu eftir að skilin ganga yfir landið.

„Það er mikill óstöðugleiki í skilunum og þar myndast svona miklir skúraklakkar og eljabakkar. Þeim fylgir eldingaveður sem væntanlega dregur eitthvað úr þegar skilin eru farin yfir.“

Þrumurnar vöktu mikla athygli á samfélagsmiðlum, enda ekki á hverjum degi sem Íslendingar verða vitni af slíkri flugeldasýningu. – khn

# Öryrkja hent út fyrir hundahald í Hátúni

Sigurbjörg Hlöðversdóttir óttast að enda í tjaldi í Laugardal eftir að Brynja, húsjóður ÖBÍ, tilkynnti henni um mánaðamótin að hún þyrfti að afhenda íbúð sína í Hátúni 10 fyrir 1. desember. Sigurbjörg hefur búið þar með besta vini sínum, hundinum Hrolli, síðan í febrúar en dýrahald er bannað í blokkunum.

**MANNLÍF** „Ég fer bara niður í Laugardal í tjald, það er ekkert annað að gera,“ segir Sigurbjörg Hlöðversdóttir, íbúi í Hátúni 10, sem fyrir helgi fékk bréf frá Brynju, hússjóði Öryrkjabandalags Íslands, þess efnis að hún þyrfti að hafa sig þaðan á brott fyrir 1. desember næstkomandi. Ástæðan er að Sigurlaug hefur búið þar með lítinn pomeranian-hund sem er henni allt.

Gæludýrahald í öryrkjablokkunum í Hátúni var bannað árið 2015 – vegna fjölda kvartana, að sögn forsvarsmanna Brynju. Bannið vakti hörð viðbrögð á sínum tíma og reyndist mörgum íbúum áfall. Margir íbúanna hafa þó haldið gæludýr í blokkunum síðan enda hafa þeir sagt dýrin sér lífsnauðsynleg. Dýrin hjálpi þeim mjög að rjúfa félagslega einangrun og einsemd. Ekki hafa þó allir verið svo heppnir að vera látnir afskiptalausir með dýr sín. Sigurbjörg kveðst gjörsamlega miður sín enda komi ekki til greina af hennar hálfu að losa sig við hundinn Hroll, sem sé ljósið í lífi hennar.

Hún flutti í Hátún 10 í febrúar síðastliðnum og fékk þá sex mánaða reynslusamning eins og tíðkast. „En þegar kom að því að framlengja í september fékk ég bara þrjá mánuði, af því að ég er með þennan litla hund. Svo fékk ég bréf í póstkassann í síðustu viku þar sem mér er sagt að ég verði að koma mér út 1. desember, losa íbúðina og skila lykklunum.“

Aðspurð hvort henni sé gefinn kostur á að losa sig við hundinn og halda íbúðinni segir hún svo vera.

„Jú, ég má losa mig við hann en ég



Niðurbrotin. Sigurlaug Hlöðversdóttir þarf að hafa sig á brott úr íbúðinni í Hátúni 10 vegna hundahalds. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR


losa mig ekki við hann frekar en þetta væri barnið mitt. En þar sem ég neita því þá eru svörin bara: Út með þig. Þessi hundur gerir ekki neitt. Þetta er lítið þriggja kílóa dýr. Það eru aðrir hundar hér og kettir en enginn annar hefur fengið svona bréf.“

Sigurbjörg kveðst hafa leitað til lögfræðings ÖBÍ en fengið þau svör að hússjóðurinn sé í rétti enda hússreglurnar skýrar. Tíðindin reyndust henni verulegt áfall.

„Þetta eru hússreglur og allt í góðu með það en það er ekkert svigrúm til samvinnu. Ég hef bent á að hér eru þrjár blokkir í Hátúni, af hverju má ekki ein þeirra leyfa dýr?“

Hún segir hundinn Hroll vinsælan hjá nágroñnum hennar.

„Það er ekkert ofnæmi eða kvartan-



Hundurinn Hrollur. FRÉTTABLAÐIÐ/ADSEND

ir. Fólkinu hérna þykir svo vænt um hundinn. Það grætur af gleði yfir að fá að klappa honum,“ segir Sigurbjörg sem kveðst hafa farið með hundinn til foreldra sinna í Hveragerði á dögunum þar sem hún hafi verið andlega búin á því. mikael@frettabladid.is

16. nóvember í 3 nætur

Frá kr.  
**64.995**  
m/morgunmat

Borgarferð til  
**LISSABON**

Heimsferðir



TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

# TOYOTA C-HR

Í FULLKOMNU FLÆÐI



Verð frá: 3.840.000 kr.

## Sá fyrsti sinnar tegundar

Toyota C-HR er finslípaður demantur sem sker sig úr hvar sem hann kemur. Kröftug vél, einstakir akstursegginleikar ásamt háþróðuðum farþegarými sjá til þess að þú líðir um strætin í fullkomnu flæði. Komdu, taktu í stýrið og finndu hvernig Toyota C-HR skapar algjörlega ný viðmið.

- 2 ára þjónustupakki fylgir með öllum Toyota C-HR
- Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)

## VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



**Toyota Kaupúni**  
Kaupúni 6  
Garðabæ  
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbæ  
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**  
Fossnesi 14  
Selfossi  
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)  
Billinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.  
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

## Akstursglæðir þingmenn skikkaðir á bílaleigubíla

**STJÓRNSÝSLA** Greitt er sama akstursgjald til allra þingmanna óháð því hvort þeir keyra um á stórum dísilknúnum jeppum eða rafbilum þrátt fyrir að mun ódýrara sé að reka rafbíla en bíla sem knúnir eru áfram með jarðefnaeldsneyti. Karl Magnús Kristjánsson, aðstoðarskrifstofustjóri Alþingis, segir reglurnar koma úr fjármálaráðuneytinu og þingið breyti þeim ekki.

„Við gerum engan greinarmun á því hvers konar bifreiðar þingmenn nota. Við höfum reglur ferðakostna-

ðarnefndar og fylgjum þeim viðmiðum. Við tökum ekki sjálfstæðar ákvarðanir með þær,“ segir Karl.

Sigríður Vilhjálmstöðir, ritari ferðakostnaðarnefndar Alþingis, staðfestir í samtali við Fréttablaðið að það hafi ekki komið til tals í nefndinni að rafbilar þyrftu ekki svo háar upphæðir vegna aksturs. Ekki sé gerður greinarmunur á gerðum bíla hvað það varðar.


Fréttablaðið hefur óskað eftir því að fá sundurlit á hjá Alþingi eftir þingmönnum hversu mikið þing-

menn aki á eigin bifreiðum á ári og hvað þeir fái greitt vegna þess. Alþingi hefur ekki orðið við þeirri ósk og ber fyrir sig að þar sé um trúnaðarupplýsingar að ræða.

Fram kemur í 6. grein reglna um ferðakostnað þingmanna um tilhögun á greiðslu ferðakostnaðar að ef alþingismaður þarf að aka meira en 15 þúsund kílómetra á ári í starfi sínu skal hann fá til afnota bílaleigubifreið sem skrifstofa þingsins leggur til. Þingið greiðir allan rekstrarkostnað bifreiðarinnar. Þessi klausa

kom inn í starfsreglurnar í upphafi þessa árs.

Karl Magnús segist ekki vita á þessari stundu hversu margir þingmenn falli undir þetta ákvæði. Ákvæðið hafi ekki verið notað áður. „Ég get ekki tjáð mig um málið nema að öðru leyti en því að þessi málsgrein verður virkjuð á næstu vikum. Ég hef ekki upplýsingar um hversu margir, ef einhverjir, aki meira en 15 þúsund kílómetra á ári en það mun koma í ljós,“ segir Karl Magnús. sveinn@frettabladid.is



Ekki er gerður greinarmunur á bifreiðum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Fær ekki að segja strax af sér

**LÍBANON** Michel Aoun, forseti Líbanon, mun ekki fallast á afsögn forsætisráðherrans Saad al-Hariri nema sá síðarnefndi komi aftur til Líbanon.

Al-Hariri fór frá Líbanon til Sáðí-Arabíu á föstudag og tilkynnti í ávarpi á laugardag að hann hygðist segja af sér. Ástæðan var sú að hann óttaðist um líf sitt. Faðir hans, Rafic Al-Hariri, var ráðinn af dögum árið 2005 og óttadist Saad að hans biðu sömu örlög.

Hariri er súnni múslimi og studdur af Sáðum. Í ávarpi sínu sagði hann að Hezbollah-samtökin og Íranar stæðu að baki mögulegri tilraun til að stytta líf hans. –jóe

## Tugir látnir eftir árás á kirkju

**BANDARÍKIN** Minnst 27 létust þegar maður hóf skothríð í kirkju í smábæ í Texas klukkan 11.30 að staðartíma í gær. Talið er að um tveir tugir til viðbótar hafi særst.

Árásin átti sér stað í First Baptist kirkjunni í smábænum Sutherland Springs í Wilson-sýslu í Texas. Bærinn er um 30 kílómetra frá San Antonio. Aðeins búa um 360 manns í Sutherland Springs. Vanalega sækja um fimmtíu manns sunnudagsmessur bæjarins. „Samkvæmt mínum upplýsingum eru 27 látnir og um tuttugu særðir,“ staðfesti Albert Gamez Jr., lögreglustjóri bæjarins, við CBS.

Árásarmaðurinn féll eftir knappan eltingaleik við lögreglu. Ekki liggur fyrir hvort hann fyrirfór sér eða var felldur af laganna vörðum. –jóe

### LEIÐRÉTTING

Í frétt um flökkukonuna Vigdís Ingvadóttur í blaðinu föstudaginn 3. nóvember misritaðist nafn ábúandans í Litla-Hvammi, Sólvéigar Guðmundsdóttur. Þeðist er velvirðingar á mistökunum.

# Bónus hefur keyrt niður vöruverð eftir komu Costco

Bónus hefur lækkað verð á fleiri vörum en Costco úr matarkörfu Fréttablaðsins á umliðnum mánuðum. Costco er með lægra verð á átta vörum en Bónus sjö. Þar sem verð Bónusar er lægra er það þó mun lægra en í tilfellum Costco. Fréttablaðið bar saman verðþróun verslananna tveggja.

# 11

vörur af 15 í matarkörfu Fréttablaðsins hafa ýmist lækkað eða haldist á sama verði síðustu mánuði hjá Bónus.

Aðferðarfræðin var sú sama og verðathugun Fréttablaðsins hjá Costco sem birtist í blaðinu síðastliðinn fimmtudag þar sem, líkt og gert er í Verðlagseftirliti ASÍ, skráð er verðið sem neytandinn hefur upplýsingar um inni í búðinni að hann eigi að greiða fyrir vöruna. Könnunin var gerð 3. nóvember í verslun Bónus í Kringlunni.

Af þessum samanburði má ráða að Bónus hafi brugðist við komu Costco, sem opnaði í lok maí síðastliðnum, með því að lækka verð sín töluvert, þar sem því var við komið. Hafa ber einnig í huga að sölueiningar Costco er í mörgum tilfellum óhagstæðari. Sem dæmi má nefna þá kemur ódýrasta kílóeiningin af sykri hjá Costco aðeins í fimmtán eins kílóa pakkningum og ódýrasta lítraeiningin Filippo Berio ólífuolíu í fimm lítra brúsum. Ljóst er að flestum heimilum duga minni einingar þegar verðmunurinn er ekki meiri en raun ber vitni.

mikael@frettabladid.is



Bónus hefur greinilega lækkað vöruverð sitt töluvert á fjölda vörutegunda frá opnun Costco. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

### Verðkönnun Fréttablaðsins

| Matarkarfan:                 | Bónus 3. nóv. | Könnun ASÍ 5. sept. | Könnun ASÍ 4. júlí | Hækkun/lækkun % | Samanburður við Costco | Costco 2. nóv. |
|------------------------------|---------------|---------------------|--------------------|-----------------|------------------------|----------------|
| Smjörvi 400gr.               | 478           |                     | 469                | 1,90%           | 1 kr. ódýrari          | 479            |
| MS Léttmjólk 1L              | 139           |                     | 139                | Óbreytt         | 4 kr. dýrari           | 135            |
| MS Skyr óhrært 500gr.        | 229           |                     | 456                | -50%            | 12 kr. dýrari          | 217            |
| AB Mjólk hrein 1L            | 289           | 289                 |                    | Óbreytt         | 10 kr. dýrari          | 279            |
| MS Rjómaostur 400gr.         | 545           | 545                 |                    | Óbreytt         | 6 kr. dýrari           | 539            |
| Kjúklingur, heill, ferskur * | 695           | 695                 |                    | Óbreytt         | 4 kr. ódýrari          | 699            |
| Nautahakk, ferskt *          | 1598          | 1398                | 1859               | -14%            | 301 kr. ódýrari        | 1899           |
| Hveiti *                     | 79            | 79                  | 79                 | Óbreytt         | 50 kr. ódýrari         | 129            |
| Sykur *                      | 115           | 109                 |                    | 5,50%           | 15 kr. dýrari          | 100            |
| Bananar *                    | 179           | 179                 | 198                | -9,60%          | 41 kr. ódýrari         | 220            |
| Epli rauð *                  | 195           | 308                 | 259                | -36%            | 130 kr. ódýrari        | 325            |
| Eggaldin *                   | 579           | 529                 |                    | 9,40%           | 154 kr. ódýrari        | 733            |
| Coca Cola 1,75l **           | 135           | 135                 | 135                | Óbreytt         | 21 kr. dýrari          | 114            |
| Filippo Berio ólífuolía ***  | 1064          | 999                 |                    | 6,50%           | 284 kr. dýrari         | 780            |
| Heinz bakaðar baunir 415gr.  | 89            | 94                  |                    | -5,30%          | 9 kr. dýrari           | 80             |


\* ódýrasta kílóverð \*\*Litraverð \*\*\* Ódýrasta lítraverð

# ÆVINTÝRALEGT FERÐALAG

Framhald metsölubókarinnar *Henri og hetjurnar*. Franska lukkudýrinu boðið á Laugardalsvöll. Saga sem kemur á óvart aftur og aftur.

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)  
Opíð alla virka daga 10-18 | laugardaga 11-15

# LÍFIÐ ER LJÚFT VIÐ TAMPA BAY



## Stökktu í sjóinn og láttu sólina verma þig

Vont veður þekkest varla við Tampa Bay í Flórída. Loftslagið er sérlega milt og stöðugt með ljúfri sjávargölu sem strýkur vangann. Njóttu sólskins, gómsæts matar og úrvals fjölskylduvænna skemmtana í fallegu og afslöppuðu umhverfi.

Icelandair flýgur tvisvar í viku til Tampa Bay allan ársins hring.

# Fyrirmenni um víða veröld nýttu sér skattaskjól í Bermúda

**BERMÚDA** Breska krúnan, ráðherra úr ríkisstjórn Trump og stór alþjóðleg fyrirtæki eru meðal þeirra sem nýttu sér aðstoð Appleby lögmannsstofunnar til að koma fjármunum í skjól á lágskattasvæði. Þetta sýna gögn úr leka frá stofunni.

Lekinn hefur hlotið nafnið Paradísarskjölin. Appleby er fyrirtæki staðsett á eyrni Bermúda en brotist var inn í tölvukerfi stofunnar fyrir á þessu ári. Alls 13,4 milljónum skjala var stolið frá stofunni. Er þetta næst stærsti leki í sögunni á eftir Panamaskjalalekanum.

Meðal þess sem kemur fram í skjölunum er að milljónum punda frá bresku krúnunni hefur verið komið fyrir í sjóði á Cayman-eyjum. Ekki var vitað um til-

vist peninganna fyrr en nú. Þegar blaðamenn The Guardian spurðu krúnuna um fêð fengust þau svör að þau hefðu ekki vitað af félaginu og fjárfestingum þess.

Nafn Gary John, eins efnahagsráðgjafa Donald Trump, kemur fyrir í skjölunum en hann tengist 22 mismunandi félögum sem Goldman Sachs hafði komið fyrir á Bermúda. John er einn þeirra sem kom að frumvarpi Trump sem ætlað er að ná bandarískum fjármunum úr skattaskjólum. Af skjölunum má ráða að John hefur nokkra þekkingu á efninu.

Nafni Rex Tillerson, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, bregður einnig fyrir í skjölunum en þar er hann skráður sem stjórnandi skúffufyrirtækis; orkufyrirtækis-

ins ExxonMobil. Þá er nafn Steve Mnuchin, fjármálaráðherra landsins, einnig að finna í skjölunum sem og Jon Huntsman, nýs sendiherra Bandaríkjanna í Rússlandi.

Skjölin varpa einnig ljósi á að tvö rússnesk fyrirtæki, með ríka tengingu við forsetann Vladimir Pútín, hafi komið töluverðu fjármagni til Facebook og Twitter í gegnum lágskattaríki. Fjárfestingarnar voru gerðar í nafni Yuri Milner en sá er viðskiptafélagi Jared Kushner, tengdasonar Bandaríkjaforseta og ráðgjafa í Hvíta húsinu.

Nöfn nokkurra tuga Íslendinga er að finna í gögnunum sem lekið var. Af Norðurlöndunum á Ísland fæsta viðskiptavini stofunnar. Nöfn ríflega þúsund Norðmanna er hins vegar þar að finna. –joe



Breska krúnan nýtti sér meðal annars þjónustu Appleby. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Borgarstjórn fær tvö álit á kjörgengi Kristínar

Óskað hefur verið eftir álitum frá dósent við lagadeild Háskóla Íslands og Logos lögmannsþjónustu um kjörgengi borgarfulltrúa Samfylkingarinnar. Skrifstofustjóri borgarstjórnar telur engan vafa leika á kjörgengi borgarfulltrúans.

**STJÓRNSÝSLA** Forsætisnefnd Reykjavíkurborgar hefur óskað eftir lögfræðiálitum frá Trausta Fannari Valsyni, dósent í lögfræði við Háskóla Íslands, og Logos lögmannsþjónustu vegna vafa um kjörgengi Kristínar Soffiu Jónsdóttur borgarfulltrúa. Þetta staðfestir Líf Magneudóttir, forseti borgarstjórnar. Líf segir að óskað hafi verið eftir álitunum í síðustu viku. Ekki reyndist unnt að funda um málið í forsætisnefnd í gær þar sem álitin höfðu ekki borist. Búið er við því að þau verði tilbúin í næstu viku.

Eins og Fréttablaðið hefur áður greint frá tók Kristín Soffía sæti aftur í borgarstjórn í haust eftir að hafa snúið aftur heim frá Danmörku þar sem hún var í fæðingarorlofi. Vafi hefur leikið á kjörgengi hennar.

Ástæðan er sú að í 37. grein samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar segir: „Þegar borgarfulltrúi flytur úr sveitarfélaginu um stundarsakir má borgarstjórn ákveða, að hans ósk, að hann skuli víkja úr borgarstjórn þar til hann tekur aftur búsetu í Reykjavík. Slik ákvörðun skal tekin áður en borgarfulltrúi flytur um stundarsakir. Sé ekki tekin ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein missir borgarfulltrúi kjörgengi við skráningu lögheimilis í öðru sveitarfélagi.“

Helga Björk Laxdal, skrifstofustjóri borgarstjórnar, hefur sagt í



Kristín Soffía Jónsdóttir tók sæti að nýju í borgarstjórn Reykjavíkur í haust eftir að hafa dvalið í Danmörku. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Kristín Soffía Jónsdóttir

svari til Fréttablaðsins að Kristín Soffía hafi verið í fæðingarorlofi frá júnímánuði 2016 til júlímánaðar 2017. Enn fremur að borgarstjórn hafi enga aðkomu að málefnum borgarfulltrúa í fæðingarorlofi enda sitji þeir ekki í borgarstjórn á meðan á því stendur og þiggja hvorki laun né önnur réttindi á þeim tíma. Það

er mat Helgu Bjarkar að Kristín Soffía hafi uppfyllt öll kjörgengisskilyrði þegar hún tók sæti í borgarstjórn á ný eftir fæðingarorlof.

Síðar hefur Fréttablaðið greint frá því að upplýsingar úr Þjóðskrá benda til þess að Kristín Soffía hafi flutt lögheimilið sitt til Danmerkur hinn 8. apríl 2016. Samkvæmt upplýsingum úr fundargerðum Strætó bs. gegndi hún engu að síður skyldum borgarfulltrúa 18. apríl 2016 með því að taka þátt í stjórnarfundum Strætó í gegnum síma. Hún tók aftur þátt í fundum stjórnar Strætó í gegnum síma föstudaginn 29. apríl. [jonhakon@frettabladid.is](mailto:jonhakon@frettabladid.is)

## Handtekin fyrir tíst um Mugabe

**SIMBABVE** Bandarísk blaðakona, sem starfar í Simbabve, hefur verið handtekin fyrir að móðga Robert Mugabe, forseta landsins. Konan sendi frá sér tíst sem yfirvöldum þótti niðrandi.

„Við erum leidd áfram af sjálfelskum og sjúkum manni,“ tísti Martha O'Donovan. Með tístinu fylgdi mynd sem gaf til kynna að lifinu væri haldið í Mugabe með hjálp tækja. Brot O'Donovan, að tala illa um þjóðarleiðtogann, getur varðað allt að 20 ára fangelsisvist.

Mugabe, sem er 93 ára, hefur stýrt Simbabve frá árinu 1980, fyrst sem forsætisráðherra en síðar sem forseti. Með hækkandi aldri hefur dregið úr því að hann komi fram opinberlega og eru margir sem telja að heilsa hans leyfi varla að hann stýri landinu áfram.



O'Donovan sést hér fyrir miðju skómmu áður en hún var leidd fyrir dóm og úrskurðuð í gæsluvarðhald. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Handtaka O'Donovan er sú fyrsta eftir að sérstök netmálaráðuneyti var komið á fót í landinu í síðasta mánuði. Tilgangur þess er að hafa auga með samfélagsmiðlum og heimasíðum til að sjá hvort eitt-

hvað ólöglegt eigi sér stað þar. Mikið hefur verið rætt og ritað um Mugabe, og stjórn hans, á samfélagsmiðlum í landinu og aldrei meir en í fyrri. Var ráðuneytinu komið á fót vegna þessa. –joe

### FLUTNINGASPÁ DAGSINS

SEYÐISFJÖRÐUR  
14.00



-20° 200 t ❄️

BREIÐDALSVÍK  
17.00



25° 4 kg 🌱

SPÁÐ ER SENDINGUM  
UM ALLT LAND

**EIMSKIP**  
Flytjandi

Jóhann Ólafsson & Co

### LED lausnir frá SITECO

Lýsing fyrir götur,  
göngustíga og bílastæði.

Ráðgjöf og nánari upplýsingar  
má fá hjá sölumönnum.



Smart City  
lausnir

**OSRAM**

Jóhann Ólafsson & Co.  
Krókháls 3, 110 Reykjavík  
533 1900  
[sala@olafsson.is](mailto:sala@olafsson.is)

Ábendingahnappinn má  
finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)

INSPIRE  
S A F T





# 100 ÁRA AFMÆLIS TILBOÐ



Pajero Instyle 4x4, dísil, 7 sæta

**7.990.000**

Verðlistaverð: 9.390.000

## SVONA VERÐ BÝÐST BARA EINU SINNI Á HUNDRAD ÁRA FRESTI

**Mitsubishi Pajero** er alvöru jeppi sem á sér óviðjafnanlega sögu. Hann þróaðist beint út frá hörkutólunum sem kepptu í Dakar kappakstrinum og settu heimsmet. Fjórða kynslóð jeppans byggir á þessari frábæru arfleifð. Pajero er aflmikill, hraðskreiður og hljóðlátur. Með styrktri yfirbyggingu og ýmiss konar öryggisbúnaði kemur hann þér heilu og höldnu á áfangastað.

- 18" álfelgur
- 7 sæta leðurinnrétting
- Ljós- og regnskynjari
- Stöðugleikastýring
- Gangbretti
- Íslenskt leiðsögukerfi
- Tenging við farsíma (Bluetooth)
- Topplúga og þakbogar
- Bill á sjálfstæðri grind
- Millikassi með læsingu og lágu drifi
- Xenon aðalljós og LED dagljós
- 860W Rockford hljómkerfi með 4GB fyrir tónlist
- 7" LCD skjár með bakkmyndavél



FYRIR HUGSANDI FÓLK

# Gróðursnautt land nýtt í herferð bænda

Á meðan tugþúsundir ferkílómetra lands eru ekki beitarhæfir að mati Ólafar Arnalds jarðvegsfræðings ráfar sauðfé um landið að sumri. Landgræðslan og sauðfjorbændur ósammála um hvort sauðfé haldi aftur af gróðurframvindu. Skortur sé á rannsóknum.

**NÁTTÚRA** Markaðsráð sauðfjorbænda, Icelandic Lamb, hefur sent frá sér myndband sem sýnir frjálst sauðfé á beit á íslensku hálendi. Í myndbandinu sést fé rekið yfir gróðursnautt land. Ólafur Arnalds, jarðvegsfræðingur hjá Landbúnaðarháskóla Íslands, segir tugþúsundir ferkílómetra lands ekki hæfa til beitar.

Sauðfjorbændur og Landgræðslan hafa í sameiningu sett á laggirnar faghóp um kortlagningu gróðurauðlindarinnar. Oddný Steina Valsdóttir, formaður Landssamtaka sauðfjorbænda, er formaður faghópsins. Hún segir myndbandið ekki gefa rétta mynd af sauðfjarrækt á Íslandi. „Þegar ég sá myndbandið fyrst þá hugsaði ég það sama, að þarna færi sauðfé um land sem væri ekki ákjósanlegt til beitar,“ segir Oddný Steina. „Hins vegar þarf að reka fé yfir sanda og því þarf ekki að vera að féð sé á þessum stöðum á beit.“

Dregin er upp sú mynd af markaðsráðinu að lambakjötið sé framleitt með sjálfbærum og hreinum hætti þar sem sauðfé hafi frá landnámi fengið að valsa frjálst um íslensk fjöll og firnindi frá landnámi. Skógræktarmenn hafa gagnrýnt þetta sjónarmið og segja sauðfé hafa frá landnámi verið hinn versta skaðvald þar sem gróðurþekja hafi horfið og landið fokið burt. Virðist vera að þessir tveir hópar, sauðfjorbændur og landgræðslumenn, komi sér ekki



Gróðursnautt land má sjá í auglýsingunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ICELANDIC LAMB



Sauðfé á beit á íslensku hálendi.



**Oddný Steina Valsdóttir,**  
varaformaður  
Landssamtaka  
sauðfjorbænda



**Ólafur Arnalds**  
prófessor

saman um hvað sé rétt og hvað rangt í þeim efnum.

Ólafur Arnalds hefur í langan tíma rannsakað jarðvegsrof á Íslandi. Hann segir tugþúsundir ferkílómetra ekki beitarhæfa. „Menn hafa um langan tíma haft uppi varnadarorð gagnvart ágangi búfjár á mjög illa förnunandi og það er vitað. Einnig er jarðrof nokkuð á Íslandi og sauðfé sækir í nýgræðinginn í rofabörðum. Því getur tiltölulega fátt fé haldið niðri fram-

þróun gróðurs. Því þarf að kortleggja hvar beit er í lagi og hvar land er ekki hæft til beitar,“ segir Ólafur.

Oddný Steina segir það alveg á hreinu að rannsóknir skorti í þessum málaflokki. „Það má endurskoða þau sjálfbærni viðmið varðandi beit. Einnig hef ég óskað eftir rannsóknum á því að sauðfjarbeit haldi aftur af gróðurframvindu en landgræðslumenn hafa ekki getað bent mér á þær rannsóknir.“ [sveinn@frettabladid.is](mailto:sveinn@frettabladid.is)



Sauðfjorbændur segja rannsóknir skorta á áhrifum á gróðurauðlindina.



**SUBARU**  
*Confidence in Motion*

## SUBARU XV

# FJÓRHJÓLADRIFINN – SJÁLFSKIPTUR



## Subaru XV BOXER

bensín, sjálfskiptur. Eyðsla 6,5 l/100 km\*  
**Verð 4.690.000 kr.**

## SUBARU ER EINN ÖRUGGASTI BÍLL SEM ÞÚ GETUR KEYPT

**Rekstraröryggi** og gott endursöluverð er það sem allir þekkja og kemur fyrst upp í hugann. Lágur þyngdarpunktur, þverliggjandi BOXER vél og sítegt fjórhjóladrif með tölvustýrðri stöðugleikastýringu er lykillinn að akstursöryggi. Allir Subaru eru með 5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNCAP.

GE bílar  
Reykjanesbæ  
[www.gebilar.is](http://www.gebilar.is)  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
[www.bilas.is](http://www.bilas.is)  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
[www.bilak.is](http://www.bilak.is)  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
[www.bva.is](http://www.bva.is)  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
[www.ib.is](http://www.ib.is)  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)





TIL AFGREIÐSLU STRAX!

# FÁÐU HÖRKUTILBOÐ Í NÝJAN SENDIBÍL

LÁTTU OKKUR KOMA ÞÉR Á ÓVART MEÐ MILLIGJÖF

Komdu með gamla sendibílinn og við gefum þér tilboð í hann samdægurs.



RENAULT TRAFIC

VERÐ: **2.944.000 KR. ÁN VSK.**  
**3.650.000** MEÐ VSK.



RENAULT MASTER

VERÐ: **3.669.000 KR. ÁN VSK.**  
**4.550.000** MEÐ VSK.



RENAULT KANGOO

VERÐ: **2.218.000 KR. ÁN VSK.**  
**2.750.000** MEÐ VSK.



DACIA DOKKER

VERÐ: **1.887.000 KR. ÁN VSK.**  
**2.340.000** MEÐ VSK.

KOMDU OG FÁÐU TILBOÐ Í  
REKSTRARLEIGU Á NÝJUM SENDIBÍL

# Katrínarþing



Magnús Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is

Það er skemmtilegt að fylgjast með stjórnarmyndunarviðræðum úr hæfilegri fjarlægð. Fjarlægðin er reyndar lykiltríði í þessu samhengi því auðvitað hlýtur að vera erfitt að setja saman ríkisstjórn fjögurra flokka með afar ólíkar áherslur í ýmsum stórum málum sem varða framtíð og velferð þjóðarinnar, ekki síst þegar til lengri tíma er litið. En það sem er þó ekki síður forvitnilegt er að sjá hvernig samhlíða myndun ríkisstjórnar virðist myndun stjórnarandstöðu einnig vera í burðarliðnum þó svo það sé eðlilega ekki með jafn afgerandi hætti.

Það sem einkum vekur athygli í því samhengi eru ólík viðbrögð flokksleiðtoga og talsmanna þeirra flokka sem stefnir í að verði í stjórnarandstöðu að ógleymdum sérfræðingum úr ólíkum áttum. Þar virðist reyndar afstæða karlanna skera sig nokkuð frá afstöðu kvenna. Karlarnir virðast eiga erfiðara með að sjá það fyrir sér að ríkisstjórn án þeirra geti mögulega átt eftir að ganga vel en minna fer fyrir hrakspám kvenna í þessu samhengi.

Þar fer reyndar fremst í flokki Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, sem átti einkar forvitnilegt spjall við Heimi Má Pétursson, fréttamann Stöðvar 2, í þættinum Víglinan síðastliðinn laugardag. Þar lýsti Þorgerður Katrín yfir vilja Viðreisnar til þess að vera öðruvísi stjórnarandstöðuflokkur en Íslendingar hafi áður séð að störfum og eiga þannig sinn þátt í því að breyta starfsháttum Alþingis til betri vegar. Að leggja megináherslu á málefnalegt starf á kjörtímabilinu og að hún sjái það vel fyrir sér að geta stutt ýmis mál á vegum væntanlegrar ríkisstjórnar en muni með sama hætti kalla eftir stuðningi stjórnarliða við góð mál sem stjórnarandstaðan hafi fram að færa og hleypi þeim málum í gegn.

Í máli Þorgerðar Katrínar kom einnig fram ákall eftir breyttum og stórbættum vinnubrögðum á Alþingi. Þessi umræða er óneitanlega ekki ný af nálinni, hefur reyndar oft verið fyrirferðarmikil á síðustu árum og jafnvel áratugum, en að kallað sé eftir henni með þeim sáttatón sem er að finna í nálgun Þorgerðar Katrínar vekur óneitanlega vonir um betri tíð í íslenskum stjórnmálum. Vonir um að góð málefni er varða heildarhagsmunum eigi greiðari leið í gegnum þinggið og jafnvel um að breiðari samstaða geti myndast gegn þeim sérhagsmunum og leyndarhyggju sem hafa leikið íslensk stjórnmál og íslenskt samfélag svo grátt um langa hríð.

Það væri óneitanlega skemmtilega kaldhæðid ef upp rynni tími slíkra breytinga að loknum kosningum þar sem konur og frjálslýndi áttu undir högg að sækja. Takist Katrínu Jakobsdóttur að mynda fjögurra flokka stjórn og leiða hana til góðra verka þá mun hún þurfa á slíkum framförum að halda. Framförum sem felast í breyttum og bættum vinnubrögðum og vel má sjá fyrir sér að nafna hennar Þorgerður Katrín komi til með að leiða það starf með góðu fordæmi úr ranni stjórnarandstöðunnar. Slíkt Katrínarþing gæti orðið stórmerkilegt framfaraskref fyrir íslensk stjórnmál sem þjóðin gæti búið að um langa framtíð.



Það væri óneitanlega skemmtilega kaldhæðid ef upp rynni tími slíkra breytinga að loknum kosningum þar sem konur og frjálslýndi áttu undir högg að sækja.

KVÖLDSTUND MED  
**PAT METHENY**  
ANTIO SANCHEZ · LINDA MAY HAN OH · GWILYM SIMCOCK  
**17. NÓVEMBER Í ELDBORG**

MIBASALA  
TIX.IS, HARPA.IS OG  
Í SÍMA 528 5050

## Halldór



## Frá degi til dags

### Paradisarmissir

Með birtingu Paradisarskjalanna fáum við enn á ný innsýn í það hvernig milljarðamæringar, heimsleiðtogar og stórfyrirtæki fela auð sinn fyrir okkur hinum. Í gögnunum er að finna sláandi upplýsingar um það hvernig hið svokallaða 1% notar lágskattsvæði til að fela slóð sína og efnast enn frekar.

Ekkert gefur til kynna að þetta góða fólk hafi brotið lög, en öll hafa þau farið á svig við það sem kalla má gott siðferði. Sjálf Elisabeth Bretadrottning hefur gerst sek um þennan siðferðisbrest. Það sama má segja um fjöldamörg trúfélög sem geyma auðævi sín í skattaskjólum.

### Prentfrelsið

Þessi sami hópur – hinir ofurríku og ofur áhrifamiklu – er einmitt skipaður þeim einstaklingum sem nú herja á blaðamannastéttinni og grafa undan henni með tilhæfulausum lögsöknum, dylgjum og hótunum.

Traust blaðamennska og óhræddir blaðamenn eru þeirra helsti óvinur (ásamt sköttum greinilega) og þau vita vel hvað felst í því þegar hin 99 prósentin fá tækifæri til að taka upplýsta ákvörðun og segja hingað og ekki lengra.  
kjartanh@frettabladid.is

## Áhrif samfélagsmiðla á lýðræðið



Elfa Ýr Gylfadóttir  
framkvæmdastjóri fjölmiðlanefndar

Kosningar til Alþingis eru nú nýafstaðnar og sveitastjórnarkosningar eru á næsta ári. Þá er tímabært að skoða hvernig almenningur mótast sér skoðanir í aðdraganda kosninga.

Allskyns upplýsingum og áróðri var dreift nafnlaust með það að markmiði að hafa áhrif á kjósendur. Þá sáu margir Íslendingar áminningu í fréttaveitu sinni á Facebook að það væri kjördagur á Íslandi. Áminningin birtist þó ekki í fréttaveitum allra kjósenda. Notendur eru misvirkir á Facebook og nota yngri kjósendur gjarnan aðra samfélagsmiðla frekar. Það er áhugavert að skoða áminninguna í samhengi við rannsókn sem gerð var árið 2010 í Bandaríkjunum. Þá gerði Facebook rannsókn á áhrifum þess að minna notendur sína á kosningarnar í fréttaveitu sinni. Facebook sendi 60 milljónum kosningabærra Bandaríkjamanna áminningu um kosningarnar. Niðurstöður voru þær að kjósendur sem fengu áminningu í fréttaveitunni voru 0,14% líklegri til að kjósa en aðrir notendur.

Segja má að 0,14% sé ekki há tala. En ef talan er sett í samhengi þá munaði einungis 537 atkvæðum á forsetaframbjóðendum Gore og Bush í Flórída fylki árið 2000 þegar Bush var kjörinn forseti. Hér á Íslandi geta aðeins nokkur atkvæði skipt sköpum vegna fámennisins.

Niðurstöðurnar þykja athyglisverðar, enda sýna þær mátt Facebook og hvernig einföld áminning getur haft áhrif á kosningaþátttöku. Ef vald samfélagsmiðils er svo mikið hlýtur að þurfa að skoða hvaða hópar eru líklegri til að nota Facebook að staðaldri og fá slíka áminningu á kjördag. Það skiptir verulegu máli.

Auðvitað er það jákvætt að notaðar séu margvíslegar leiðir til að auka kosningaþátttöku og til að miðla upplýsingum svo að kjósendur geti gert upp hug sinn. En rannsóknir sýna að ómerkt skilaboð og áróður sem miðlað er til fólks getur verið skaðlegur. Það er líka ógagnsætt hvernig samfélagsmiðlar forgangsraða efni og auglýsingum í fréttaveitum notenda. Samfélagsmiðlar líkt og fjölmiðlar hafa mikið vald. Það er kominn tími til ræða af alvöru hlutverk og skyldur þeirra í aðdraganda kosninga.



Samfélagsmiðlar líkt og fjölmiðlar hafa mikið vald. Það er kominn tími til ræða af alvöru hlutverk og skyldur þeirra í aðdraganda kosninga.

# Það er einn í hverri fjölskyldu



**Karl Andersen**  
prófessor og for-  
maður stjórnar  
Hjartaverndar

Það er að minnsta kosti einn í hverri fjölskyldu. Margir eru á besta aldri. Urðu að hætta að vinna eða fara í léttari störf fyrir en þeir ætluðu sér. Þetta er stór hópur, um 25 þúsund manns. Um það bil jafn margir og búa á öllu norðausturlandi. Þeir eiga það sameiginlegt að lifa með afleiðingum af hjarta- eða æðasjúkdómi sem þeir fengu fyrir aldur fram. Sjúkdómi sem er ólæknandi og þeir lifa með afleiðingum hans það sem eftir er.

Við þekkjum þennan sjúkdóm. Við höfum rannsakað hann í marga áratugi. Við vitum að hann kemur frekar fyrir hjá fólki sem reykir, er með háar blóðfitur í blóði, háþrýsting eða sykursýki. Hann hefur tilhneigingu til að koma meira fyrir í sumum fjölskyldum en öðrum. Við vitum líka að þeir þættir sem stuðla að hjarta- og æðasjúkdómum eru að miklu leyti í okkar eigin höndum að stjórna. Með heilbrigðum lífsstíl, reglubundinni hreyfingu og fjölbreyttu og hollu mataræði má sennilega koma í veg fyrir stærstan hluta þessara sjúkdóma.

## Verulegur árangur

Það hefur náðst verulegur árangur. Nýjum tilfellum kransæðastíflu hefur fækkað um 80% á síðustu þremur áratugum og dauðsföllum hefur fækkað ennþá meira. Þetta skýrist að mestu af því að reykingamönnum hefur fækkað, blóðþrýstingur hefur lækkað og kólesteról í blóði hefur lækkað hjá þjóðinni. Horfur þeirra sem fá hjartaáfall eru sömuleiðis mun betri í dag en þær voru fyrir tveimur til þremur áratugum. Sífellt fleiri lifa fram á efri ár með afleiðingum áfallanna. Það veldur ekki aðeins aukinni byrði langvinnra sjúkdóma á samfélagið heldur er um að ræða varanlega færniskerðingu og skert lífsgæði þessara einstaklinga sem hafa orðið fyrir hjarta- og æðasjúkdómum.

Hvað er til ráða? Hvernig getum við komið í veg fyrir að fólk á besta aldri veikist af hjarta- og æðasjúkdómum? Hjartavernd hefur útbúið áhættureikni sem metur líkurnar á því að ákveðinn einstaklingur fái kransæðasjúkdóm á næstu 10 árum. Þessi áhættureikni finnur þá sem eru í mikilli áhættu og þá má beita forvarnaaðgerðum til að draga úr þeirri áhættu. Hins vegar er stór hópur fólks sem mælist í meðal- eða lítilli áhættu með þessu áhættumati og fær því enga sérstaka forvarnaaðgerð. Þó svo að áhætta hvers og eins í þessum hópi sé ekki há, þá eru þeir svo yfirgnæfandi margir að umtalsverður fjöldi þeirra sem fá kransæðastíflu er úr þeirra hópi.



**Við sem að þessu forvarna-  
átaki stöndum berum þá  
von í brjosti að með þessari  
aðferðarfræði megi viðhalda  
heilbrigði landsmanna og  
draga úr ótímabærum dauðs-  
föllum og langvinnum veik-  
indum af völdum sjúkdóma  
sem má í flestum tilvikum  
koma í veg fyrir.**

## Nýr áhættureiknir

Til að bregðast við þessu og greina æðakölkunarsjúkdóminn á frumstigi hefur Hjartavernd útbúið nýjan áhættureikni sem er betrumbætt útgáfa af hinum fyrri. Nýi áhættureiknirinn er næmari leið til að greina forstig æðasjúkdóms með því að beita í völdum tilvikum ómskodun af hálsæðum. Það er ódýr rannsókn sem ekki kostar neina geislun og er óþægindalítill. Greinist æðakölkun í hálsæðum eru verulegar líkur fyrir því að sjúkdómurinn finnist einnig í kransæðum. Með því að beita einfaldri lyfjameðferð með hjartamagnýl og blóðfitulækkandi lyfjum má hefta framrás sjúkdómsins og draga úr líkum á áföllum í framtíðinni.



Hjartavernd er nú að hefja forvarnaátak í samvinnu við heilsugæslustöðvar um allt land. Fyrirhugað er að allir heilsugæslulæknar geti mælt og metið heilbrigða einstaklinga með þessum hætti þegar þeir leita til heilsugæslunnar. Í þeim tilvikum þegar æðakölkun greinist má beita fyrirnefndri lyfjameðferð sem bætir horfur einstaklingsins. Þessi nálgun hefur aldrei verið reynd áður í heiminum. Rannsóknir okkar í Hjartavernd benda þó til þess að það sé tímabært að stíga þetta skref til þess að sú þekking sem við höfum tekið þátt í að skapa um tilurð hjarta- og æðasjúkdóma verði hagnýtt í þágu þjóðarinnar.

## Landssöfnun

Til að fjármagna þetta átak efni Hjartavernd til landssöfnunar 17. nóvember nk. undir kjörorðinu „Heilbriggt hjarta á nýrri öld“. Verndari söfnunarinnar er forseti Íslands, Dr. Guðni Th. Jóhannesson. Söfnunin er unnin í samvinnu við 365 miðla og með stuðningi fjölmargra einstaklinga og fyrirtækja á landinu. Við sem að þessu forvarnaátaki stöndum berum þá von í brjosti að með þessari aðferðarfræði megi viðhalda heilbrigði landsmanna og draga úr ótímabærum dauðsföllum og langvinnum veikindum af völdum sjúkdóma sem má í flestum tilvikum koma í veg fyrir.

# SUPERB KEMUR STERKUR INN Í EFSTU DEILD



**ŠKODA**

## SUPERB. FLAGGSKIPIÐ Í ŠKODA FJÖLSKYLDUNNI.

Superb skarar fram úr á mörgum sviðum. Hann er gríðarlega rúmgóður enda með stærsta innanrýmið og skottið í sínum flokki. Byltingarkennd hönnun, hámarksþægindi og tæknimöguleikar auka enn á styrkleika hans. Komdu og prófaðu nýjan Superb.

ŠKODA SUPERB frá:  
**4.690.000 kr.**




## Strax búinn að setja nýtt íslenskt met í Euroleague

Tryggvi Snær Hlinason er þegar búinn að bæta íslenskt met í Euroleague þrátt fyrir að vera aðeins búinn að spila í rúmar tólf mínútur á stærsta sviði körfuboltafélaga í Evrópu. Jón Arnór Stefánsson er eini íslenski leikmaðurinn sem hefur komið inn á í Euroleague karla (Pavel Ermolinskij var í hóp einu sinni) og Jón Arnór náði aldrei að verja skot í 41 leik sínum í Meistaradeild Evrópu. Tryggvi hefur komið inn á í þremur leikjum og varið skot í öllum þremur innkomum sínum. „Það er eitt af mínum verkefnum í leikjunum. Ég verð að nýta hverja einustu mínútu sem ég fæ með það markmið að búa mér til nafn og sanna sig. Ein leiðin til þess er að standa sig vel,“ segir Tryggvi. Ef við uppfærum tölurnar á 40 mínútur þá væri hann með tæp 10 skot varin skot í leik.

## Við erum komin í Hafnarfjörðinn

við hliðina á Bónus

**gæludýr.is**



Tryggvi Snær Hlinason sést hér í kynningarmyndatöku fyrir Euroleague tímabilið. FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTOS/GETTY

# Ekki farinn að leggja mig í hádeginiu

Ísland á nú mann í Euroleague, Meistaradeild körfuboltans. Enn eitt risaskrefið sem tvítugur Bárðardalings Tryggvi Snær Hlinason hefur tekið á þessu ári.

**KÖRFUBOLTI** „Þetta er mjög stórt skref og það má segja að þetta sé næststærsta deildin á eftir NBA-deildinni,“ segir Tryggvi Snær Hlinason sem var bæði búinn að spila í spænsku deildinni og Euroleague fyrir tuttugu ára afmælisdaginn sinn í lok síðasta mánaðar. Þegar Fréttablaðið náði í strákinn þá var hann á heimleið frá Tyrklandi þar sem Valencia liðið spilaði Euroleague-leik í síðustu viku.

„Þetta er búið að vera mjög gaman. Erfitt og skemmtilegt. Það erfiðasta er að koma inn í allt annað samfélag. Fara úr því eðlilega og vera kominn frá öllu,“ segir Tryggvi sem er alinn upp í Svartáarkoti sem er innsti bær í Bárðardal, í 400 metra hæð yfir sjávarmáli og langt frá næsta þéttbýli.

### Lítið um frítíma

Það hefur verið nóg að gera hjá Tryggva síðan að hann kom út til Spánar en hann æfir vanalega tvisvar á dag. Hann fær líka einkaæfingar. „Það er mjög lítið um frítíma en það er fínt. Það er búið að vera mjög mikið af leikjum. Við náðum að spila fimm leiki á tíu dögum,“ segir Tryggvi. Hann hefur verið í liðinu og fengið að spila í einhverjum leikjum. „Ég er rétt svo búinn að prufa að fara inná. Alltaf þegar maður fer inná þá græðir maður helling á því. Maður veit alltaf betur hvað maður er og hvar maður þarf að bæta sig. Ég reyni að nýta mér allar æfingar til að bæta mig á þeim sviðum,“ segir Tryggvi.

„Fyrst var maður svolítið stressaður en ég myndi segja að stressið

væri orðið mjög lítið núna. Á sama tíma veit ég hvar ég stend. Ég er nýr og ég er ungur og þannig séð bara lélegur ennþá. Ég þarf bara að bæta mig og verða nógu góður til þess að fá að vera þarna inná,“ segir Tryggvi.

Hann fékk ekki mikinn tíma eftir Eurobasket í haust. „Ég skrapp heim í einhverja tvo daga. Fór norður og naut þess í botn í smástund. Síðan var ég farin til Spánar,“ segir Tryggvi en saknar hann ekki Íslands og sérstaklega Bárðardalsins.

### Frábær staður fyrir fyrstu skrefin

„Það er alltaf einhver heimþrá. Mér líður bara mjög vel hérna og líðið er frábært. Liðsandið er svo góður að mér líður vel í liðinu. Það eru allir brosandir, hlæjandi og til í að gera grin. Þetta er frábær staður fyrir mig til að taka fyrstu skrefin,“ segir Tryggvi en hvað með spænska fasið hvernig fer það í okkar mann.

„Það er svolítið þreytandi hvað þeir eru lengi að öllu en það venst bara. Þetta er gott fólk en ég get ekki sagt að ég sé byrjaður að leggja mig í hádeginiu. Þessi kúltur hér er þannig að fólk er ekki að flýta sér og matartíminn er langur. Á Íslandi snýst þetta miklu frekar um að klára sitt og snúa sér síðan að næsta verki,“ segir Tryggvi. Hann er aðeins á undan áætlun.

### Þetta var ekki planið

„Ég er mikið í liðinu. Vegna meiðsla og slíks þá er ég búinn að vera í liðinu síðan ég kom. Það var ekki planið. Planíð var að æfa eins og enginn væri morgundagurinn og bæta mig eins hratt og ég gæti. Ég er

**Ef honum finnst sniðugt að ég bjóði mig fram í NBA-nýliðavalinu þá mun ég gera það.**

Tryggvi Snær Hlinason

búinn að vera í liðinu og að ferðast í alla útileikina. Ég er því búinn að fá öðruvísi reynslu en ég ætlaði mér. Það er bara snilld,“ segir Tryggvi og það er mikið sem hann þarf að læra.

„Ég reyni að taka við öllu sem ég get lært. Lykilinn er að vita hvar þú ert og vita í hvaða skrefi þú ert. Akkúrat núna þá veit ég að ég er á geggjuðum stað og ég þarf bara að verða betri til að fá spílatíma. Á meðan ég finn að ég er að bæta mig helling og er á réttum stað til þess að gera það þá þýðir ekkert annað en að brosa og halda áfram,“ segir Tryggvi.

### NBA-deildin að banka á dyrnar?

Tryggvi er ofarlega á mörgum listum yfir þá Evrópumenn sem eru líklegastir til að verða valdir í nýliðavali NBA-deildarinnar næsta sumar.

„Ég reyni að hugsa lítið út í það. Þetta er meira það sem umbinn minn sér um. Ef honum finnst sniðugt að ég bjóði mig fram í NBA-nýliðavalinu þá mun ég gera það. Ég treysti honum til að taka þetta val með mér. Þetta er eitthvað sem við munum ræða þegar sá tími nálgast. Ég er ennþá bara að koma mér fyrir í Valencia og ætla bara að einbeita mér að því núna. Það er aftur á móti alltaf skemmtilegt að fá svona góðar fréttir,“ segir Tryggvi. [ooj@frettabladid.is](mailto:ooj@frettabladid.is)

Ísbúðin  
**HAFÍS**  
Ogleymanleg upplifun

Íslenskur ís með ítalskri hefð

Komdu og fáðu rjómaís og laktósafrían vegan ís

Bæjarhrauni 2 | Hafnarfröi | Sími: 4370000 | [hafis@hafis.is](mailto:hafis@hafis.is)

# VIÐ SJÁUM UM

VIÐHALD OG VIÐGERÐIR Á KÆLI- OG FRYSTIKERFUM

**Kælivirkni ehf**

Rauðagerði 25 - 108 Reykjavík  
Sími: 517 0900 / 777 1901  
[www.kaelivirkni.is](http://www.kaelivirkni.is)

# LEIÐ

MÁNUDAGUR 6. NÓVEMBER 2017

## Lífsstíll



Jóhann Berg Guðmundsson og félagar í Burnley unnu tvo 1-0 sigra á sex dögum í ensku úrvalsdeildinni, þann fyrri á mánudag og þann seinni á laugardaginn. Í báðum leikjum var það gullsending Íslendingins sem skóp sigurmarkið og Burnley er nú öllum að óvörum í sjöunda sæti ensku úrvalsdeildarinnar.

**FÓTBOLTI** Jóhann Berg Guðmundsson ætti að koma í góðu skapi til móts við féлага sína í landsliðinu þegar strákarnir okkar hittast í Katar í dag. Lið hans Burnley er í hópi sjö efstu liða ensku úrvalsdeildarinnar eftir þriðja útisgurinn á tímabilinu um helgina.

**Engin útívallarvandráði lengur**  
Liðið sem fékk 83 prósent stiga sína á heimavelli sínum á síðustu leiktíð (33 af 40) hefur blómstrað á útívallum í vetur og er nú með þremur fleiri stig þar (11) en á hinum einstaka heimavelli þess á Turf Moor (8).

Sigurinn á mánudagskvöldið var þó á Turf Moor þegar liðið vann Newcastle 1-0.

Jóhann Berg sem endaði fjögurra ára og 34 leikja bið sína eftir marki í íslenska landsliðsbúningnum þegar íslensku strákarnir tryggðu sig inn á HM í síðasta mánuði kom til baka til Burnley með sjálfstraustið í botni.

Jóhann Berg kom íslenska liðinu í 1-0 úti í Tyrklandi sem og nánast gulltryggði sigurinn með því að koma Íslandi í 2-0 á móti Kósóvó á Laugardalsvöllinum. Mikilvægi markanna verður aldrei metið að fullu en íslenska liðið var komið í báðum tilfellum í allt aðra og betri stöðu í hreinum úrslitaleikjum um sæti á HM í Rússlandi næsta sumar.

#### Þrjár stoðsendingar í 4 leikjum

Frá því að hann kom til baka þá hefur Jóhann Berg gefið þrjár stoðsendingar í fjórum deildarleikjum Burnley og þessar stoðsendingar hafa skilað Burnley-liðinu samtals sjö stigum. Auk þess að leggja upp sigurmarkið í leikjunum á móti bæði Newcastle og Southampton þá lagði Jóhann Berg einnig upp jöfnunarmarkið í 1-1 jafntefli við West Ham.

#### Stóru málin

eftir helgina í ensku boltanum

#### Stærstu úrslitín

Chelsea hjálpaði bæði sér og Manchester City með 1-0 sigri á Manchester United á Brúnni. Spánverjinn Álvaro Morata skoraði sigurmarkið á 55. mínútu með skalla eftir fyrirgjöf landa síns César Azpilicueta en þeir hafa náð vel saman í vetur. City er þar með komið með átta stiga forskot á toppi deildarinnar.

#### Hvað kom á óvart?

Staðan var ekki björt fyrir liðsmenn Everton þegar aðeins 25 mínútur voru eftir af leiknum og liðið 2-0 undir á heimavelli á móti Watford. Gylfi Þór Sigurðsson og félagum tókst hinsvegar á ótrúlegan hátt að snúa leiknum við, skora þrjú mörk á lokakafanum og tryggja sér þrjú stig sem komu liðinu upp úr fallsæti.

#### Mestu vonbrigðin

Ekkert gengur hjá lærisveinum Jose Mourinho í Manchester United á útívoli í deildinni. Liðið hefur aðeins fengið eitt stig og skorað eitt mark í síðustu þremur útileikjum sínum og er fyrir vikið komið átta stigum á eftir nægriðnum sínum í City.

Jóhann Berg sat á bekknum í síðasta leik Burnley fyrir þetta sögufræga landsleikjahlé í byrjun október en kom aftur út sem ein af hetjunum sem komu litla Íslandi á heimsmeistaramótið í fyrsta skiptið. Hann byrjaði reyndar á bekknum í fyrsta leik eftir landsleikina en kom þá inná og lagði upp jöfnunarmark liðsins á móti West Ham.

Sean Dyche, knattspyrnustjóri Burnley, hefur verið með okkar mann í byrjunarliðinu í síðustu tveimur leikjum og sér ekki eftir því í dag. Jóhann Berg lagði upp sigurmark Jeff Hendrick á mánudaginn og svo lagði hann upp sigurmark Sam Vokes um helgina.

„Þetta er eitt af bestu skallamörkum sem ég hef séð. Þetta var frábær fyrirgjöf og frábær afgreiðsla,“ sagði Sean Dyche um sigurmarkið hjá Sam Vokes sem kom níu mínútum fyrir leikslok.

„Við þurfum að hafa mikið fyrir þessu tveimur sigrum en það mátti ekki mikið útaf bera. Við vitum hverjerið erum og ég er mjög ánægður með hvar við erum.“



# 80

mínútur milli stoðsendinga Jóhanns Berg í síðustu fjórum deildarleikjum.

Það eru krefjandi verkefni á leiðinni en liðið veit að það kemur ekkert til okkar nema að við vinnum fyrir því,“ sagði Dyche.

#### Frábær bolti

Sam Vokes kom inn á sem varamaður á móti sínu uppeldisfélagi. „Ég veit að þegar Jóhann er með boltann þá vill hann skipta yfir á vinstri fótinn sinn. Hann náði frábærum bolta fyrir og það var æðislegt að ná að skalla boltann í markið. Þetta snýst um liðið og við erum með sterkt lið núna, sterkasta liðið okkar í nokkur ár,“ sagði Sam Vokes.

Jóhann Berg hefur gefið 3 stoðsendingar á 242 mínútum frá því að hann kom aftur til Burnley eftir að hafa hjálpað Íslandi að komast á HM í fyrsta sinn sem þýðir að hann er að gefa stoðsendingu á 80 mínútna fresti.

#### Nýtt persónulegt met

Með þessum þremur stoðsendingum þá er Jóhann Berg búinn að setja nýtt persónulegt met í ensku úrvalsdeildinni en hann náði „bara“ að gefa tvær stoðsendingar á síðasta tímabili sem hans fyrsta í vinsælu deild Evrópu.

Þá var hann ellefu stoðsendingum á eftir landa sínum Gylfa Þór Sigurðssyni en nú er hann þremur stoðsendingum á undan Gylfa sem á enn eftir að gefa stoðsendingu á ensku úrvalsdeildinni á þessu tímabili. [ooj@frettabladid.is](mailto:ooj@frettabladid.is)



**4. nóvember 2017 á St. Mary's**  
**Stoðsending á Sam Vokes á 81.**  
**mínútu í 1-0 sigri Burnley á**  
**Southampton**

## Leikmaður helgarinnar

Mohamed Salah skoraði tvö mörk fyrir Liverpool í 4-1 útisigri á West Ham um helgina og hefur þar með komið að tíu mörkum (7 mörk og 3 stoðsendingar) í fyrstu ellefu leikjum sínum með Liverpool í ensku úrvalsdeildinni. Liverpool borgaði ítalska liðinu Roma 42 milljónir evra fyrir egypska framherjann í júní og þetta eru þegar orðin ein bestu kaup félagsins á síðustu árum. Þessi 25 ára gamli leikmaður hefur komið með nýtt líf inn í sóknarleik Liverpool og ógnar alltaf með hraða sínum og markahæppni. Salah hefur komið að marki í sjö deildarleikjum og svo hefur hann einnig skorað fjögur mörk og gefið eina stoðsendingu í Meistaradeildinni. „Skyndisóknirnar okkar voru fullkomnar,“ sagði knattspyrnustjórinn Jürgen Klopp eftir leik og þar er Salah í aðalhlutverki. Liverpool vann þrjá leiki í vikunni með markatölunni 10-1 og Egyptinn kom að fjórum markanna.



MARKAHÆSTUR Í DEILDINNÍ Íslenski landsliðshornamaðurinn Arnór Þór Gunnarsson skoraði 10 mörk í sigri Bergischer á Nordhorn-Lingen í þýsku b-deildinni í handbolta. Hann hefur skorað 90 mörk í 11 leikjum og er markahæstur í deildinni með 8,2 mörk að meðaltali í leik.



BLIKASTELPUR UNNU AFTUR Blikakonur slógu Hauka út úr Maltbikar kvenna í körfubolta í Smáranum í gær, ellefu dögum eftir að þær urðu fyrstar til að vinna Hauka í deildinni. Nýliðarnir hafa heldur betur stimplað sig inn í vetur. Keflavík, Skallagrímur, Snæfell og Njarðvík tryggðu sér öll líka sæti í átta liða úrslitunum um helgina.

KR OG ÍR ÁFRAM Í BIKARNUM Reykjavíkurfélögin KR og ÍR komust bæði í átta liða úrslit Maltbikars karla í körfubolta í gær. KR vann Vestra 115-78 en ÍR vann Snæfell 99-76. Breiðablik og Haukar eru líka komin í átta liða úrslitin en í kvöld fara fram síðustu fjórir leikirnir: Þór Ak.- Höttur (kl. 19.15), Keflavík-Fjölnir (19.15), Njarðvík-Grindavík (19.30) og Valur- Tindastóll (19.30).

ÚTKALL TIL KATAR Kristján Flóki Finnbogason fer með íslenska fótbaltsliðinu til Katar en landsliðsþjálfarinn Heimir Hallgrímsson kallaði á Kristján Flóka inn í hópinn sem mætir Tékklandi og Katar í vínáttuleikjum 8. og 14. nóvember næstkomandi. Kristján Flóki kemur inn í stað Björns B. Sigurðarsonar, sem er meiddur.



## Nýjast

### Olís deild karla í handbolta

#### Selfoss - ÍBV 30-31

**Markahæstir:** Haukur Prastarson 7, Teitur Örn Einarsson 7/1, Hergeir Grímsson 5, - Agnar Smári Jónsson 13, Theodór Sigurbjörnsson 8/2, Röbert Aron Hostert 8

#### Afturelding - Víkingur 25-19

**Markahæstir:** Birkir Benediktsson 6, Elvar Ásgeirsson 6/2, Gestur Ingvarsson 6 - Birgir Már Birgisson 5, Jón Hjálmarsson 4, Hjalti Már Hjaltason 4.

#### Haukar - Gróttá 26-21

**Markahæstir:** Daniel Ingason 6/1, Hákon Daði Styrmisson 6/1, Atli Már Báruson 5 - Daði Laxdal Gautason 7/1, Bjarni Ófeigur Valdimarsson 5.

#### Fram - Fjölnir 29-29

**Markahæstir:** Arnar Birkir Hálfðánsson 13, Lúðvík Arnkelsson 5, Andri Þór Helgason 5/1 - Kristján Örn Kristjánsson 13/1, Sveinn Jóhannsson 6, Andri Berg Haraldsson 6/3.

### Stig liðanna

| Efst     |    | Neðst       |   |
|----------|----|-------------|---|
| FH       | 14 | Fram        | 8 |
| Haukar   | 12 | ÍR          | 6 |
| ÍBV      | 12 | Afturelding | 5 |
| Valur    | 11 | Fjölnir     | 3 |
| Selfoss  | 10 | Víkingur    | 2 |
| Stjarnan | 9  | Gróttá      | 0 |

### Olís-deild kvenna í handbolta

#### Haukar - ÍBV Ekki lokið

Leik Hauka og ÍBV var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi en staðan var þá 15-10 fyrir Hauka og seinni hálfleikur nýhafinn. Um 40 mínútna töf varð á leiknum á meðan beðið var eftir sjúkrabil. Þórhildur Braga Þórðardóttir, leikmaður Hauka, fékk slæmt högg á hálsinn og lá eftir. Menn vildu ekki taka áhættuna með að hreyfa hana af gólfinu. Biðin eftir sjúkrabil var hinsvegar löng en hann kom ekki fyrr en eftir um 40 mínútur.

# LÍMMIÐAR

Áprentaðir límmiðar eru okkar fag. Prentsmiðjan okkar er búin fullkomnasta tækjabúnaði til að prenta allar gerðir límmiða í hvaða magni sem er. Jafnvel er hægt að panta prentun á 100-5000 stk á netinu í gegnum heimasíðuna okkar [www.pmt.is](http://www.pmt.is).



Áprentaðir límmiðar af öllum stærðum og gerðum



FILMUR  
Hafðu samband og við finnum lausnina fyrir þig.



JÓLAPOKARNIR að detta í hús

Einnig mikið úrval af jólalímmiðum

**pmt**  
PLAST, MIÐAR & TÆKI

# TÍMAMÓT

## Októberbyltingarinnar minnst með útgáfu bókar

Nýrri bók um októberbyltinguna verður fagnað með hátíð í Iðnó á morgun. Októberbyltingin markar upphaf Sovétríkjanna. Höfundurinn er nýkominn úr kosningabaráttu sem hann segir hafa krafist mikillar vinnu. Ætlar næst að bjóða fram í öllum kjördæmum á landinu.

Ég las hana upphaflega fyrir næstum 40 árum og margt sem sat enn í minninu þegar ég fór að lesa hana aftur núna. Það má segja að kosningarnar í fyrri hafi tafið verkefnið dálítið mikið, en það tók næstum allan tímann milli kosninga," segir Þorvaldur Þorvaldsson, formaður Alþýðufylkingarinnar.

Þorvaldur hefur lokið við að þýða bók eftir ameríska blaðamanninn John Reed um októberbyltinguna 1917 í Rússlandi. Bókin er gefin út hér á landi í tilefni af 100 ára afmæli byltingarinnar.

„Bókin fjallar um aðdragandann að byltingunni. Hann kemur til Pétursborgar snemma í september og aflaði mikill gagna. Megnið af bókinni fjallar um fyrri hluta nóvember. Hann segir ítarlega frá lykilatburðum í byltingunni," segir Þorvaldur. Bókin kom út upphaflega 1919 og hefur komið út á mjög mörgum tungumálum. Hún hefur hins vegar ekki komið út á íslensku áður.

Októberbyltingin var undanfari að stofnun Sovétríkjanna. „Hún er eiginlega fæðing Sovétríkjanna en þau voru náttúrlega stofnuð formlega 1922, eftir borgarastríðið," segir Þorvaldur. Í til-



Þorvaldur Þorvaldsson vann að þýðingu bókarinnar að mestu milli kosninganna 2016 og 2017. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

efni af útgáfu bókarinnar standa fern samtök að hátíðarfundum í Iðnó á þriðjudaginn. Það eru Alþýðufylkingin, MFÍK, MÍR og Sósíalístaflokkur Íslands. Bókin er prentuð í Finnlandi og Þorvaldur vonast til þess að búið verði að senda nokkur eintök heim áður en fundurinn fer fram.

Síðan verður útgáfuhófi á fimmtudaginn. Þorvaldur er annars að jafna sig eftir snarpa kosningabaráttu. „Þessi praktíski undirbúningur var rosalega mikil vinna, enda aðdragandinn eiginlega sá stysti sem lög gera ráð fyrir og meira að segja stærstu framboðin áttu fullt í fangi,

til dæmis í því að ná meðmælendum," útskýrir hann.

Þorvaldur segir að Alþýðufylkingin muni bjóða fram aftur næst og þá ætlar flokkurinn að bjóða fram í öllum kjördæmum.

jonhakon@frettabladid.is

### Merkiatburðir

**1943** Einar Bollason, körfuboltaþjálfari og ferðamálafrömuður, fæddist.

**1946** Katrín Fjeldsted, læknir og stjórnmálamaður, fæddist.

**1954** Veitingahúsið Naustið opnaði í Reykjavík. Það var fyrsta veitingahúsið til að bjóða upp á þorramat á þorranum.

**1970** Bandaríski leikarinn Ethan Hawke fæddist.

**1975** Hljóm-sveitin Sex Pistols lék á sínum fyrstu tónleikum í menntaskóla í Lundúnum.

**1983 Þorsteinn Pálsson** var kjörinn formaður Sjálfstæðisflokksins.

**1985** Bandarískir fjölmiðlar sögðu frá því að Ronald Reagan hefði samþykkt vopnasendingu til Írans.



Tilkynningar um merkiatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@365.is](mailto:timamot@365.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5000.

ÞETTA GERÐIST 6. NÓVEMBER 1796:

### Dómkirkjan í Reykjavík vígð

Dómkirkjan í Reykjavík var vígð þennan dag árið 1796 og var fyrsta byggingin sem reist var sérstaklega með tilliti til þess að Reykjavík skyldi verða höfuðstaður landsins. Tæpri öld síðar var svo Alþingishúsið reist þétt við kirkjuna.

Séra Þórir Stephensen skrifaði sögu Dómkirkjunnar sem kom út árið 1996. Þar segir hann að Dómkirkjan og Alþingishúsið hafi myndað heild í hugum landsmanna og táknad órofa samhengi laga og síðar í landinu.

„Dómkirkjan hefur verið vettvangur stórra atburða í lífi íslensku þjóðarinnar, einstaklinga, fjölskyldna, samfélags. Við þingsetningar ganga alþingismenn til Dómkirkjunnar og hlýða á guðsþjónustu og eins við embættistöku forseta Íslands. Dómkirkjan er kirkja biskups Íslands, þar sem hann vinnur flest embættisverk sín. Umfram allt er Dómkirkjan þó sóknarkirkja, fyrst allra Reykvíkinga en nú gamla Vesturbæjarins og næstu hverfa til austurs," segir í bókinni.

Þar segir líka að kirkjan hafi verið byggð eftir teikningum A. Kirkerups „Byggingin stóðst illa tímans tönn og svo fór að hún var endurbyggð 1848 í núverandi mynd, að forsögn arkitektsins, L. A. Winstrup. Þá var hún hækkuð og byggður kór, forkirkja og turn. Hún hefur nokkrum sinnum fengið gagngerar endurbætur síðast 1985 og svo um aldamótin síðustu," segir Þórir í bókinni.





# Lítu við í Ormsson

Fyrirtækið var stofnað 1. desember 1922

95  
ÁRA

## AEG

Kraftmiklu og  
hljóðlátu ryksugurnar



Minum á  
ryksugupokana.

25%  
afsláttur



brabantia



Strauborð  
með fallegu  
látlausu áklæði.

Verð aðeins  
7.990,-

Á afmælisverði á meðan birgðir endast

## Tefal

Þetta merki hefur verið hjá Ormsson í 27 ár.  
Það köllum við meðmæli.

25%



## bodum

Átta bolla (1ltr.) pressukanna  
frá BODUM

Verð aðeins  
4.990,-

Verð áður:  
8.900,-

Á afmælisverði á meðan birgðir endast



## NIVONA

Alsjálfvirk, afkastamikil og  
endingagóð kaffivél til heimilisnota.

Verð nú:  
59.900,-

Verð áður:  
79.900,-

5 ára reynsla  
á Íslandi



staub  
en France



Spennandi  
eldhúsprýði

brabantia

Nýir litir

20%

## Þrifalegu ruslaföturnar

Margar gerðir og litir. Pokar og ilmspjöld á lager.



## UNOLD

SOUS VIDE  
Heimilistæki til  
hægeldunar

19.900,-

GERMAN  
DESIGN  
AWARD  
SPECIAL  
2017



## Spennandi leið til eldunar

Sous vide frá Unold. Leikur einn að elda með tækinu. Tryggir nákvæman kjarnhita og eldamennskan verður óviðjafnað. Tækið hefur fengið verðlaun í Þýskalandi fyrir hönnun.

95  
ÁRA  
ORMSSON  
1922 - 2017



Opnunartímar:  
Virka daga kl. 10-18  
Laugardaga kl. 11-15.

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

# ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Netverslun  
ORMSSON.IS




ORMSSON  
Greiðslukjör  
Vaxtalaust  
í allt að 12 mánuði

|                                      |  |                                    |  |                                      |                                     |   |  |  |   |  |                                    |  |
|--------------------------------------|--|------------------------------------|--|--------------------------------------|-------------------------------------|---|--|--|---|--|------------------------------------|--|
| ORMSSON<br>KEFLAVÍK<br>SÍMI 421 1535 | ORMSSON<br>PRISTUR-ÍSAFIRÐI<br>SÍMI 456 4751 | KS<br>SAUÐÁRKRÓKI<br>SÍMI 455 4500 | SR BYGG<br>SIGLUFIRÐI<br>SÍMI 467 1559 | ORMSSON<br>AKUREYRI<br>SÍMI 461 5000 | PENNINN<br>HÚSAVÍK<br>SÍMI 464 1515 | ORMSSON<br>VÍK-EGILSSTÓÐUM<br>SÍMI 471 2038 | ORMSSON<br>PAN-NESKAUPSSTAÐ<br>SÍMI 477 1900 | ORMSSON<br>ÁRVIRKINN-SELFOSSI<br>SÍMI 480 1160 | GEISLI<br>VESTMANNAEYJUM<br>SÍMI 481 3333 | TÆKNIBORG<br>BORGARNESI<br>SÍMI 422 2211 | OMNIS<br>AKRANESI<br>SÍMI 433 0300 | BLÓMSTURVELLIR<br>HELLISSANDI<br>SÍMI 436 6655 |
|--------------------------------------|--|------------------------------------|--|--------------------------------------|-------------------------------------|---|--|--|---|--|------------------------------------|--|

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Mánudagur

Suðaustan stormur norðaustantil á landinu fram að hádegi og slydda eða rigning, en annars suðlæg átt, 8-13 m/s og skúrir eða él. Léttir til fyrir norðan þegar líður á daginn. Hiti 0 til 5 stig fyrir miðjan dag, en frýstir víða annað kvöld.



## Þriðjudagur

|                                  |                                    |                                  |
|----------------------------------|------------------------------------|----------------------------------|
| <b>Reykjavík</b><br>5°<br>↘ 12   | <b>Ísafjörður</b><br>-0°<br>↘ 7    | <b>Akureyri</b><br>1°<br>↑ 5     |
| <b>Egilsstaðir</b><br>1°<br>↙ 10 | <b>Kirkjubæjarkl.</b><br>3°<br>→ 3 | <b>Hveravellir</b><br>-1°<br>↗ 6 |

## Miðvikudagur

|                                  |                                     |                                   |
|----------------------------------|-------------------------------------|-----------------------------------|
| <b>Reykjavík</b><br>5°<br>↗ 12   | <b>Ísafjörður</b><br>-1°<br>↙ 9     | <b>Akureyri</b><br>2°<br>↗ 15     |
| <b>Egilsstaðir</b><br>2°<br>↗ 15 | <b>Kirkjubæjarkl.</b><br>3°<br>↗ 10 | <b>Hveravellir</b><br>-1°<br>↑ 11 |

## LÉTT

|   |     |   |     |     |   |     |
|---|-----|---|-----|-----|---|-----|
|   |     | 2 | 8   |     |   | 1   |
|   | 8   | 3 |     |     | 6 | 5 9 |
|   |     |   |     | 3   |   |     |
|   |     | 8 |     | 4   | 1 |     |
|   | 4   |   | 9 7 |     | 5 |     |
| 3 | 5   |   | 6 2 |     | 8 | 4   |
|   | 9 4 |   |     | 7   |   | 5   |
| 1 | 7   |   | 3   |     |   | 6   |
| 2 |     |   | 4   | 9 7 |   |     |

## MIDLUNGS

|   |     |   |     |   |     |     |   |  |   |
|---|-----|---|-----|---|-----|-----|---|--|---|
|   |     | 5 |     | 4 |     | 1   | 2 |  | 3 |
| 8 |     | 2 |     |   |     |     |   |  | 5 |
|   | 6   |   | 5   |   |     |     |   |  | 9 |
|   |     |   |     |   | 3 5 |     |   |  |   |
|   | 8 1 |   |     | 9 |     | 5 3 |   |  |   |
|   |     |   | 7 8 |   |     |     |   |  | 1 |
| 6 | 7   |   |     |   | 9   |     |   |  |   |
| 3 |     |   |     |   |     |     |   |  | 6 |
|   | 1   | 2 |     |   |     |     |   |  |   |

## PUNG

|   |     |   |     |     |   |   |   |   |   |
|---|-----|---|-----|-----|---|---|---|---|---|
| 8 |     |   |     | 5 6 |   |   |   |   |   |
|   |     | 6 | 7   | 8   |   | 2 |   |   |   |
|   |     |   | 5   |     |   |   |   |   |   |
|   |     |   |     |     | 2 |   | 6 |   |   |
| 2 | 4   |   |     |     | 3 |   |   | 8 |   |
|   |     |   | 5 4 |     | 9 |   |   | 1 |   |
|   | 3 8 |   |     |     |   |   |   |   |   |
| 1 | 6   |   | 4 9 |     |   |   |   |   |   |
| 4 |     |   | 6   |     |   |   |   |   | 9 |

## Krossgáta

- LÁRÉTT**
2. lagi
  6. hljóm
  8. reik
  9. skraf
  11. í röð
  12. lyktaf
  14. matjurt
  16. rún
  17. struns
  18. flott
  20. tveir
  21. afli
- LÓDRÉTT**
1. heiður
  3. óður
  4. iðill
  5. svelg
  7. köldusótt
  10. skilaboð
  13. herma
  15. bátur
  16. upphrópun
  19. tveir eins

|    |    |    |    |    |    |
|----|----|----|----|----|----|
| 1  |    | 2  | 3  | 4  | 5  |
| 6  | 7  |    | 8  |    |    |
| 9  |    | 10 |    | 11 |    |
| 12 |    |    | 13 |    |    |
|    | 14 |    |    |    | 15 |
| 16 |    |    | 17 |    |    |
| 18 |    | 19 |    | 20 |    |
| 21 |    |    |    |    |    |

## Skák Gunnar Björnsson

Hjörvar Steinn Grétarsson (2567) átti leik gegn Sebastian Bogner (2599), Sviss, í EM landsliða í gær í Kritt. **Hvítur á leik**  
**36. Bxg6!! Dg7** (36...fxg6 37. Hd7) **37. Rf5! Bxg2+ 38. Kg1**  
**1-0.** Glæsisigur Hjörvars dugði ekki til því viðureignin tapaðist 1½-2½. Hannes Hlífar Stefánsson gerði jafntefli en Héðinn Steingrímsson og Guðmundur Kjartansson töpuðu.



[www.skak.is](http://www.skak.is). Lokaumferðin í dag.


|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 2 | 4 | 1 | 5 | 3 | 8 | 6 |
| 5 | 6 | 1 | 3 | 7 | 8 | 2 | 9 | 4 |
| 4 | 3 | 8 | 6 | 9 | 2 | 7 | 5 | 1 |
| 3 | 4 | 9 | 5 | 6 | 7 | 1 | 2 | 8 |
| 6 | 1 | 7 | 8 | 2 | 3 | 9 | 4 | 5 |
| 8 | 2 | 5 | 9 | 4 | 1 | 6 | 3 | 7 |
| 9 | 8 | 3 | 7 | 5 | 6 | 4 | 1 | 2 |
| 1 | 5 | 6 | 2 | 3 | 4 | 8 | 7 | 9 |
| 2 | 7 | 4 | 1 | 8 | 9 | 5 | 6 | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri nju reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus



## Gelgjan



## Barnalán



# Þjónustumiðstöð tónlistarfólks

## TÓNASTÖÐIN

Allt fyrir tónlistarmanninn

# MARAFON NOW OG 11GB Á 3.990 KR.\*

\*á mánuði

Coca-Cola
LAUGARÁS BÍÓ
5%

**BADMOMS CHRISTMAS**

SYND KL. 5.45, 8, 10.15

**THE LONG GOODBYE**

SYND KL. 8, 10.15

**HAPPY DEATH DAY**

SYND KL. 10.25

**UNDIR TRÉNU**

SYND KL. 5.45

**Hnetu ránd 2**

SYND KL. 5.45

SAMBÍÓIN
SAMBIO.IS
KAUPTU BIÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU

**ONLY THE BRAVE**

90%

**THOR: RAGNAROK**

94%

| SAMBÍÓIN ALFABAKKA                  | SAMBÍÓIN EGILSHÖLL                     | SAMBÍÓIN KRINGLUNNI                   |
|-------------------------------------|--|---------------------------------------|
| THOR: RAGNAROK 3D KL. 6-9           | THOR: RAGNAROK 2D KL. 5:15-8-9-10:45   | THOR: RAGNAROK 3D KL. 4:45-7:30-10:15 |
| THOR: RAGNAROK 2D KL. 5-8-10:50     | ONLY THE BRAVE KL. 6-7:45-10:30        | THOR: RAGNAROK 2D KL. 6-9             |
| THOR: RAGNAROK 2D VIP KL. 5-8-10:50 | GEOSTORM KL. 8-10:20                   | ONLY THE BRAVE KL. 6-9                |
| ONLY THE BRAVE KL. 5-8-10:50        | HOME AGAIN KL. 5:50                    | THOR: RAGNAROK 3D KL. 8-10:50         |
| GEOSTORM KL. 8-10:30                | LEGO NINJAGO ISL TAL KL. 5:30          | ONLY THE BRAVE KL. 8                  |
| THE SNOWMAN KL. 8-10:30             | LEGO NINJAGO AKUREYRI KL. 5:10-8-10:50 | A BAD MOMS CHRISTMAS KL. 10:50        |
| LEGO NINJAGO ISL TAL KL. 5:40       | ONLY THE BRAVE KL. 8-10:50             |                                       |
| SKRÍMSLAFÓLSKYLDAN ISL TAL KL. 5:50 | LEGO NINJAGO ISL TAL KL. 5:40          |                                       |

**Hvað? Hvenær? Hvar? Mánudagur**

hvar@frettabladid.is

**6. NÓVEMBER 2017**

**Tónlist**

**Hvað?** Blúskvöld Blúsfélags Reykjavíkur  
**Hvenær?** 21.00  
**Hvar?** Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut  
 Blúskvöld Blúsfélags Reykjavíkur verður í kvöld í Vox Club salnum á Hilton Reykjavík Nordica. Gengið inn hægra megin við andyrið. Björgvin Gíslason, Síggi Sig, Guðmundur Pétursson, Haraldur Þorsteinsson og Ásgeir Óskarsson. Húsið opnar kl 19.00 matseðill frá Vox og þar eru borðapantanir.

**Hvað?** Mánudjass  
**Hvenær?** 21.00  
**Hvar?** Húrra, Naustunum  
 Jazzaðu þig niður eftir Airwaves.

**Viðburðir**

**Hvað?** Bingó Kiwanisklúbbsins Dyngju  
**Hvenær?** 20.00  
**Hvar?** Árskógum 4  
 Í kvöld verður haldið bingó á vegum Kiwanisklúbbsins Dyngju. Ágóða bingósins verður varið til hjálpar börnum fyrir jólin. Vinningar eru glæsilegir, m.a. matar- og kryddkörfur, leikhúsmíðar og vonduð gjafa- og merkjavara.

**Hvað?** Pólskir dagar í Tungumálamiðstöð HÍ  
**Hvenær?** 17.00  
**Hvar?** Veröld – hús Vigdísar  
 Pólskir dagar verða haldnir hátíðlegir í Tungumálamiðstöð í nóvember. Justyna Zych frá háskólanum í Varsjá verður í heimsókn Tungumálamiðstöð 6. -9. nóvember og býður í pólska menningarveislu. Í dag verður hún með fyrirlesturinn Cultural portait of Warsaw.

**Hvað?** AUS Movie Nights #1: City of God  
**Hvenær?** 19.15  
**Hvar?** Hínu húsinu, Pósthússtræti  
 AUS býður þér á fyrsta kvikmyndakvöldið okkar árið 2017-2018. Eftir sýningu á kvikmyndinni verða stuttar umræður, þar sem þú getur meðal annars stungið upp á kvikmyndum fyrir næstu kvikmyndakvöld. Aðgangur er ókeypis.



**Tumi Ferrer kennir fólki að útbúa almennilegt kaffi á Te & Kaffi, Aðalstræti í dag.** FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

**Hvað?** Námskeið í kaffigerð – Te & Kaffi  
**Hvenær?** 20.00  
**Hvar?** Te & Kaffi, Aðalstræti  
 Almennur inngangur um kaffi. Í þessu námskeiði er stiklað á stóru um allt sem tengist kaffi: hvaðan það kemur, hvernig það er unnið, hvaða efni eru í kaffinu svo fátt eitt sé nefnt. Við smökkuðum kaffi frá ólíkum stöðum í heiminum og lærum hvernig er best að hella upp á gamla mátann. Námskeiðið er haldið í kennslurými Te & Kaffi sem er í Aðalstræti 9. Þátttakendur fá tækifæri til að kaupa búnað og aukahluti á 15% afslætti á meðan námskeiðið stendur yfir en auk þess verða allir leystir út með gjöfum. Nánari upplýsingar veitir Fræðslustjóri Te & Kaffi – Tumi Ferrer (tumi@teogkaffi.is)

**Hvað?** Opinn fyrirlestur: Ange Leccia  
**Hvenær?** 13.00  
**Hvar?** Myndlistardeild Listaháskóla Íslands, Laugarnesvegi  
 Ange Leccia heldur opinn fyrirlestur

um verk sin og vinnuáferðir. Ange Leccia mun ræða um vídeóverk sín og innsetningar. Hann mun útskýra hvernig hann skapar myndir í gegnum hreyfingu og staðfæringu, ásamt því að tala um mikilvægi lágkúru og umhverfi síns í listferli sínu. Hann mun byrja ferðalagið á að rifja upp fyrstu tilraunarverkefni sín á Korsíku sem mun leiða að stofnun Pavillion, rannsóknarstöð Palais de Tokyo í París, með millilendingu í kennslu sinni í Listaháskólanum í Grenoble.

**Góða skemmtun í bíó**

Fríða Rut Heimisdóttir  
Hárgreislumeistari

**Sugarbearhair hárvítamín sem styrkir hár, húð og neglur**

#1<sup>st</sup> BEST SELLER Get Healthy Hair

- Ég er björn sem elskar hár. Dökkt, ljóst, brúnt, rautt og alla líti þar á milli
- Ég elska allar hárgerðir
- Ég ákvað að búa til vítamín fyrir þig upp úr alvöru berjum svo þú munir eftir því að taka það á hverjum degi
- Ég gerði vítamínið líka krúttlegt og sætt, eins og ég er sjálfur

Þú finnur allt um mig á [www.regalo.is](http://www.regalo.is)

Regalo ehf Iceland

Regalofagmenn

Bjóðum upp á sjálfvirkan hurðaopnunarbúnað, hringhurðir, hurðir og gluggakerfi ásamt uppsetningu og viðhaldi á búnaði.

Áratuga reynsla.

**JARN&GLER**

Járn & Gler hf. • Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin  
104 Reykjavík • S. 58 58 900 • [www.jarngler.is](http://www.jarngler.is)

HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

|                      |              |
|----------------------|--------------|
| The Party            | 18:00, 23:00 |
| Mother               | 17:30        |
| Sumarbörn            | 18:00        |
| Botoks               | 20:00        |
| Final Portrait       | 20:00        |
| Island Songs         | 20:00        |
| Thelma               | 22:00        |
| Undir Trénu ENG SUB. | 22:00        |



## UM LAND ALLT

KL. 19:25

Kristján Már Unnarsson heimsækir samfélög vítt og breitt um landið, heilsar upp á fólk í leik og starfi og heyrir þau sjónarmið sem helst brenna á fólk í ólíkum byggðum.

# Magnað Mánudagskvöld

Fáðu þér áskrift á [365.is](http://365.is)

## I OWN AUSTRALIA'S BEST HOME

KL. 20:00

Frábærir þættir fyrir alla sem kunna að meta stórfenglega byggingarlist, nútímahönnun og innanhússarkitektúr sem á engan sinn líka.



## GULLI BYGGIR


KL. 20:50

Frábær þáttur með Gulla Helga sem allir þeir sem standa í stórum sem smám breytingum mega ekki láta fram hjá sér fara né heldur þeir sem hafa gaman af því að fylgjast með endurbótum almennt.

## THE BRAVE

KL. 21:25

Spennuþættir frá framleiðendum Homeland um einvala lið hermanna í bandaríska hernum, sem berjast fyrir málstað réttlætisins við erfiðar aðstæður á sumum hættulegustu stöðum heims.



## S.W.A.T.

KL. 22:10

Það er ekki einfalt að halda uppi lögum og reglu á strætum Los Angeles borgar og það þekkir liðsforinginn Daniel Harrelson sem er í sérsvæit lögreglunnar. Hraðir og hörkuspennandi löggubættir með frábærum leikurum í aðalhlutverkum.

# DAGSKRÁ

## Mánudagur

### STÖÐ 2

07.00 Simpson-fjölskyldan  
07.20 Kalli kanína og félagar  
07.40 2 Broke Girls  
08.05 The Middle  
08.30 Ellen  
09.15 Bold and the Beautiful  
09.35 Doctors  
10.20 The Last Man on Earth  
10.45 Fresh off the Boat  
11.10 Empire  
11.55 Masterchef USA  
12.35 Nágrannar  
13.00 The X-Factor UK  
15.30 The X-Factor UK  
17.00 Bold and the Beautiful  
17.20 Nágrannar  
17.45 Ellen  
18.30 Fréttir Stöðvar 2  
18.55 Ísland í dag  
19.10 Sportpakinn  
19.20 Fréttayfirlit og veður  
19.25 Um land allt  
20.00 I Own Australia's Best Home  
20.50 Gulli byggir  
21.20 The Brave  
22.05 S.W.A.T.  
22.50 You're the Worst  
23.15 Víglinan  
00.00 Tin Star

00.45 Outlander Þriðja þáttaröð þessara mögnuðu og sjóðheitu þátta sem fjalla um hjúkrunar-konuna Claire sem ferðaðist aftur í tímann og flæktist í tímalausan ástarþríhyrning sem gæti dregið diik á eftir sér.

01.35 Curb Your Enthusiasm  
02.05 Empire  
02.50 Bones

03.35 Pure Genius Nýir þættir sem fjalla um James Bell en hann fer svo sannarlega ótroðnar slóðir þegar hann stofnar byltingar-kennustu læknamiðstöð í heimi en þar ætlar hann að leiða saman nýjustu tækni og vísindi með úrvalsteymi með sér. Þar ætlar hann að nálgast viðfangsefnið á nýjan og framúrstefnulegan hátt en til þess þarf hann að fá færasta en jafnframt umdeildasta skurð-lækni heims með sér í lið.

04.20 Pure Genius  
05.00 Murder In The First  
05.45 The Middle

### STÖÐ 2 SPORT

07.20 Carolina Panthers - Atlanta Falcons  
09.45 Dallas Cowboys - Kansas City Chiefs  
12.10 Real Madrid - Las Palmas  
13.50 Barcelona - Sevilla  
15.30 Evrópu deildarmörkin  
16.20 Útsending frá leik Hauka og ÍBV í Olís deild kvk.  
17.45 Olís deild kk-Selfoss - ÍBV  
19.15 Olís deild kk-FH - ÍR  
21.05 Meistaradeild Evrópu - fréttabáttur  
21.30 Seinni bylgjan  
23.00 Domino's körfuboltakvöld  
00.40 Spænsku mörkin  
01.10 Football League Show

### STÖÐ 2 SPORT 2

07.00 Everton - Watford  
08.40 Tottenham - Crystal Palace  
10.20 Manchester City - Arsenal  
12.00 Chelsea - Manchester United  
13.40 Messan  
15.10 Carolina Panthers - Atlanta Falcons  
17.35 Dallas Cowboys - Kansas City Chiefs  
20.00 Spænsku mörkin  
20.30 Football League Show  
21.00 Messan  
22.30 Olís deild kk-FH - ÍR  
00.00 Seinni bylgjan

### ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó  
FM 89,5 Retro  
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan  
FM 93,5 Rás 1  
FM 95,7 FM957

### STÖÐ 3

17.20 The New Girl  
18.10 League  
18.35 Modern Family  
19.00 Seinfeld  
19.25 Friends  
19.50 Who Do You Think You Are?  
20.50 Time After Time  
21.35 How To Make It in America  
22.00 The Sopranos  
22.55 Sleepy Hollow  
23.40 The Strain  
00.25 Seinfeld  
00.50 Friends  
01.15 Tónlist

### STÖÐ 2 KRAKKAR

07.00 Strumparnir  
07.25 Ævintýraferðin  
07.37 Hvellur keppnisbill  
07.49 Gulla og grænjaxlarnir  
08.00 K3 (22 / 52)  
08.13 Víkingurinn Viggó  
08.27 Tindur  
08.38 Mæja býfluga  
08.47 Stóri og litli  
09.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar  
09.47 Doddi litli og Eyrnastór  
10.00 Áfram Diego, áfram!  
10.24 Svampur Sveinsson  
10.49 Lalli  
10.55 Rasmus Klumpur og félagar  
11.00 Strumparnir  
11.25 Ævintýraferðin  
11.37 Hvellur keppnisbill  
11.49 Gulla og grænjaxlarnir  
12.00 K3 (22 / 52)  
12.11 Víkingurinn Viggó  
12.25 Tindur  
12.36 Mæja býfluga  
12.48 Stóri og litli  
13.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar  
13.47 Doddi litli og Eyrnastór  
14.00 Áfram Diego, áfram!  
14.24 Svampur Sveinsson  
14.49 Lalli  
14.55 Rasmus Klumpur og félagar  
15.00 Strumparnir  
15.25 Ævintýraferðin  
15.37 Hvellur keppnisbill  
15.49 Gulla og grænjaxlarnir  
16.00 K3 (22 / 52)  
16.11 Víkingurinn Viggó  
16.25 Tindur  
16.36 Mæja býfluga  
16.48 Stóri og litli  
17.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar  
17.47 Doddi litli og Eyrnastór  
18.00 Áfram Diego, áfram!  
18.24 Svampur Sveinsson  
18.49 Lalli  
18.55 Rasmus Klumpur og félagar  
19.00 Lási löggubill

19.00 Fréttir  
19.25 Íþróttir  
19.30 Veður  
19.40 Kastljós og Menningin  
20.05 Veidín  
20.55 Vegir Drottins  
22.00 Tíufréttir  
22.15 Veðurfréttir  
22.20 Skálmöld og Sinfó  
00.20 Kastljós og Menningin  
00.40 Dagskrárlök



Mörgæsirnar  
kl. 09.24,  
13.24  
og 17.24

### GOLFSTÖÐIN

08.00 Abu Dhabi Ladies Open  
12.00 Turkish Airlines Open  
17.00 Shriners Hospitals for Children Open  
20.00 PGA Highlights  
20.55 2017 Playoffs Official Film  
21.50 Turkish Airlines Open

### STÖÐ 2 BÍÓ

12.05 The Duff  
13.45 A Cinderella Story. If the Shoe Fits  
15.20 Grown Ups  
17.00 The Duff  
18.40 A Cinderella Story. If the Shoe Fits  
20.15 Grown Ups  
22.00 State of Play Hörkuspennandi pólitískur spennutryllir með Russell Crowe, Ben Affleck, Rachel McAdams og Helen Mirren í aðalhlutverkum. Myndin gerist í Washington, höfuðborg Bandaríkjana, í miðri hringiðu stjórnmála landsins. Stephen Collins er ungur og efnilegur þingmarður og á hraðri uppleið í pólitíkinni í borginni. Þessu takmarki hans er ógnað þegar hjákona hans, sem einnig var aðstoðarkona hans, finnst látin.  
00.05 Date and Switch  
01.40 Joe  
03.35 State of Play

### RÚV

16.05 Silfrið  
17.05 Séra Brown  
17.50 Tánmálsfréttir  
18.00 KrakkaRÚV  
18.01 Háværa ljónið Urri  
18.11 Elías  
18.24 Skógargengið  
18.35 Letibjörn og læmingjarnir  
18.40 Millý spyr  
18.46 Gula treyjan  
18.48 Kóðinn - Saga tölvunnar  
18.50 Krakkafréttir  
19.00 Fréttir  
19.25 Íþróttir  
19.30 Veður  
19.40 Kastljós og Menningin  
20.05 Veidín  
20.55 Vegir Drottins  
22.00 Tíufréttir  
22.15 Veðurfréttir  
22.20 Skálmöld og Sinfó  
00.20 Kastljós og Menningin  
00.40 Dagskrárlök

### SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify  
08.00 Everybody Loves Raymond  
08.25 Dr. Phil  
09.05 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon  
09.45 The Late Late Show with James Corden  
10.25 Royal Pains  
11.10 Síminn + Spotify  
13.10 Dr. Phil  
13.50 Top Gear  
14.40 Scorpion  
15.25 Will & Grace  
15.55 Ný sýn - Ragnheiður Sara Sigmundsdóttir  
16.35 Everybody Loves Raymond  
17.00 King of Queens  
17.25 How I Met Your Mother  
17.50 Dr. Phil  
18.30 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon  
19.10 The Late Late Show with James Corden  
19.50 Extra Gear  
20.15 Top Chef  
21.00 Hawaii Five-0  
21.45 Blue Bloods  
22.30 Dice  
23.00 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon  
23.40 The Late Late Show with James Corden  
00.20 CSI  
01.05 Hawaii Five-0  
01.50 This is Us  
02.35 Salvation  
03.20 Difficult People  
03.50 Hawaii Five-0  
04.35 Blue Bloods  
05.20 Dice

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is

FM 96,3 FM Suðurland  
FM 96,7 Létt Bylgjan  
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan  
FM 99,4 Útvarp Saga  
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

# RAFMAGNSBORD



Prima rafmagnsborðin eru fáanleg í allt að átta litum.

VINSÆLASTA  
VARAN

Hirzlan er með þrjár vörulínur af rafmagnsborðum

Prima línan er þar vinsælust.

VERÐ FRÁ:  
**56.000,-**

NÝ  
VEFVERSLUN  
HIRZLAN.IS  
.....  
OPIÐ Á  
LAUGARDÖGUM  
12-16

# Hirzlan

GÆÐI · STÖÐUGLEIKI · SKILVIRKNI · Í 24 ÁR

f  
Þið finnið okkur á Facebook

Síðumúla 37,  
108 Reykjavík  
Sími: 564-5040  
hirzlan@hirzlan.is  
hirzlan.is

## TOPSTAR STÓLAR

ÞÝSK GÆÐI · FRÁBÆR VERÐ

Hinir sívinsælu stólar frá Topstar hafa verið til sölu hjá Hirzlunni í áratugi.

Topstar



-25%

SITNESS 6  
TILBOÐSVERÐ  
**39.900 kr.**



-30%

OPEN POINT  
TILBOÐSVERÐ  
**28.900 kr.**



-30%

X PANDER  
TILBOÐSVERÐ  
**68.900 kr.**

NY OG BETRI VEFVERSLUN  
www.husgagnahollin.is  
ALLTAF OPIN

# SÓFA VEISLA

# 25%

AFSLÁTTUR

# AF ÖLLUM SÓFUM

## RIA

Nett og einstaklega þægilegir tveggja og þriggja sæta sófar. Holly grænt, ljós- eða dökkgrátt slitsterkt áklæði.



3ja sæta: 192 x 83 x 79 cm

**59.993 kr.** ~~79.990 kr.~~

2ja sæta: 152 x 83 x 79 cm

**52.493 kr.** ~~69.990 kr.~~



## TANGO

2ja sæta sófi. Slitsterkt ppelsínugult eða dökkgrátt áklæði. St.: 150 x 90 x 96 cm.

**74.993 kr.**

~~99.990 kr.~~



HÚSGAGNA  
HÖLLIN



Samstarf Guðna og Jóhannesar hefur verið farsælt. Þeir frumsýna brátt í lðnó. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Úr ráðherrastóli í uppistand

**Guðni Ágústsson** er einn vinsælasti stjórnmálamaður sem þjóðin hefur átt og það að öðrum ólöstuðum. Hann var einkum vinsæll vegna orðheppni sinnar og skemmtilegar tilvitnanir hans um menn og málefni hafa fyrir löngu öðlast sjálfstæða tilveru.

Ætli ég sé ekki meira sem aðstoðarmaður hjá Jóhannesi, en þetta er bara græskulaust gaman. Við segjum skemmtisögur sem eru ekki meidandi. Ég er í rauninni bara í hlutverki fundastjóra hjá honum. Ég veit nú ekki alveg hvað ég á að segja um tilurðina en hann hefur nú hermt eftir mér í fjölmörg ár og okkur var og er oft ruglað saman," segir Guðni Ágústsson um tilurð þess að hann og Jóhannes Kristjánsson settu saman sýninguna Eftirherman og orginalinn, en þeir hafa slegið rækilega í gegn um land allt. Höfuðborgarþing munu ekki sleppa undan gríninu en þeir félagar munu stíga á sviði í lðnó næstkomandi sunnudag.

„Ég stend nú bara á því yfir þessum viðtökum, við eigum að baki um fjórtíu sýningar og munum hefja leik í Reykjavík næsta sunnudag hér í lðnó, því sögufræga húsi og það er mikill heidur að því. Ég átti ekki von á því að fyrrverandi ráðherra myndi draga svo marga að.“

## GUÐNI ER ENGUM LÍKUR OG UM HANN VAR SAGT:

Allt sem að vonum brást

Allt sem mátti klaga

Allt sem drotni yfirsást

Ætlar Guðni að laga

Guðni er ekkert feimin við að ræða það hversu oft honum og Jóhannesi var og er ruglað saman. „Það var nú þannig að mamma mín hafði varann á þegar ég hringdi, hún var ekki viss hvort ég væri ég eða Jóhannes á línunni. Margir héldu að við værum skyldir en tengsl okkar eru í tíunda lið, nánara er það nú ekki. Vissulega hafa fjölmargar sögur flogið um okkur þar sem menn voru ekki vissir hvor væri hvað, eftirherman eða orginalinn.“

Það er kunnara en frá þurfi að segja að Jóhannes Kristjánsson hefur í fjölmörg ár hermt eftir

Guðna Ágústssyni og þykir manna bestur í því að umhverfast og breytast í Guðna.

„Jóhannes er magnaður, hann algjörlega holdgervist og verður að þeim sem hann hermir eftir. Röddin, hreyfingar og svipir, hann rennur saman við þann sem að hann er að leika. Algjörlega einstakt. Við náum vel saman, erum hnitmiðaðir og orðsins menn. Lífið fer með mann í ýmsar áttir og hverjum hefði dottið það í hug að ég myndi standa upp úr ráðherrastól og enda á sviði sem skemmtikraftur.“

Lífsins leiksvið eru margvísleg og hlutverkin fjölbreytt. Guðni er nú á nýju sviði þar sem áskoranirnar eru af öðru tagi en á sviði stjórnmálanna.

„Munurinn á því að vera á þingi og vera með uppistand er að nú er staðið upp og klappað fyrir okkur. Ég hef verið í stjórnmálum í tugi ára, það var gefandi en þetta er annarrar gerðar. Ég átti nú ekki von á þessum viðbrögðum en er þakklátur fyrir þau.“ [astahrafnhildur@frettbladid.is](mailto:astahrafnhildur@frettbladid.is)

**HONDA**  
The Power of Dreams

# Allt á sínum fullkomna stað



Sjálfskiptur Honda HR-V  
frá kr. 3.990.000



[www.honda.is](http://www.honda.is)

Öruggur, fullkomið skipulag, nákvæmur frágangur og betri í alla staði. Honda HR-V er ekki bara fimm stjörnu bíll hvað varðar öryggi, í HR-V á hver hlutur sinn stað og hlutverk. Við hönnuðum nýjan Honda HR-V með þetta að leiðarljósi. Útkoman er fallegur borgarjeppi, með frábæra eiginleika innan sem utan.

**Nýr Honda HR-V, fullkominn fyrir þig.**



Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • [www.bernhard.is](http://www.bernhard.is)

Umboðsaðilar: Bernhard, Reykjanesbæ • Bílver, Akranesi • Höldur, Akureyri • Bragginn, Vestmannaeyjum

# FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 [Vísir](#)

Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VIÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.



FRÉTTABLAÐIÐ  
mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is  
Ef blaðið berst ekki 800 1177

## BAKÞANKAR

Láru G.  
Sigurðardóttur



## Tilbúinn í bardaga

Augu hans loguðu og hann stóð grafkyrr. Hendur voru með hliðum og hann hallaði sér örlítið að mér eins og hann væri að búa sig undir átök. Hann hafði verið að spila tölvuleik, nánar tiltekið fyrstu-persónu skotleik, þegar ég truflaði til að segja honum að kvöldmaturinn væri klár.

Tölvuleikurinn hafði ræst taugakerfið hans. Hjartslátturinn var hraðari og blóðþrýstingur hærrí. Blóðið streymdi frá meltingu til útlima og hjarta. Adrenalin streymdi um æðarnar. Barnið var tilbúið að takast á við yfirvofandi hættu – hlaupa undan eða berjast.

Það sem heldur barninu lífmu við skjáinn er sæluefnið dópamín. Umbunarkerfið fer í gang og dópamín eykst í heilanum þegar barnið fær stig eða kemst á næsta leikjaborð. Nú er búið að gulltryggja að barnið velur leikinn fram yfir annað. Það fær ekki jafnmikla sælu með því að lesa bók eða leika úti.

En Adam var ekki lengi í paradís. Þegar barnið hættir að spila er líklegt að það eigi erfitt með einbeitingu, stjórna tilfinningum, hafa hömlur á hvötum, fylgja fyrirmælum, vera skapandi, sýna samkennd og koma hlutum í verk. Ástæðan er m.a. sú að blóðflæðið minnkar í þeim hluta heilans sem gerir okkur að vitsmunaverum og eykst í frumstæðari svæðum heilans sem sjá til þess að við lifum af.

Þegar skotleikur hefur ræst taugakerfið getur smá truflun auðveldlega vakið reiði. Að horfast í augu getur vakið frumstæðar kenndir um ögrun og komið barninu í uppnám. Ég, eins og líklega fleiri, hef ekki verið nógu dugleg við að setja börnunum mörk en ég geri engum greiða með því. Það eru til tölvuleikir sem hafa jákvæð áhrif á heilann en skotleikir eru ekki á meðal þeirra.

# 12 MÁNAÐA VAXTALAUST LÁN

# 4

# FYRSTA GREIÐSLA Í FEBRUAR 2018!

# DAGGA

# OFURTILBOÐ

# 30% AFSLÁTTUR!

## ROYAL LAYLA

Hágæða millistíft fimm svæða skipt heilsurúm með millistífum áföstum topp og pokagormakerfi ásamt rúmbotni og fótum.

Stærð 153x200 sm  
Fullt verð 174.180 kr.

### OFURTILBOÐ

## 121.925 kr.

EDA ADEINS  
10.921 kr. Á MÁNUDI\*

# fatboy®

## Tilvaldar gjafir sem gleðja

### Fatboy Junior púðinn (130x100 sm)

Verð frá 17.727 kr.

### Fatboy Original púðinn (180x140 sm)

Verð frá 23.650 kr.

### Lampinn The Petit

Snilldar lampi, faguð hönnun með þremur birtustillingum og endist í allt að 24 tíma án hleðslu.

Verð frá 7.650 kr.

Fagnaðu fjölbreytileikanum!  
30 gerðir af ólíkum skermum í boði.  
Verð 1.745 kr.

OPÍÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ICELAND ENGIHJALLA, VESTURBERGI, ARNARBAKKA, GLÆSIBÆ OG STAÐARBERGI

OPÍÐ 24 TÍMA

## Iceland

## FISKIBOLLUR

# 2 1 FYRIR

GAMALDAGS HAKKBOLLUR  
FISKIBOLLUR

KAUPIR 1 KG. FÆRÐ 2 KG.

### Fiskikóngurinn

Sogavegi 3  
Höfðabakka 1

(\*Mikla við 12 mánaða vaxtalausnaðradregislausning með 9,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjaldi)